

## *Maður*, fornöfn og hrappar

### 1. Inngangur

*Maður* í íslensku er margslungið fyrirbæri.<sup>1</sup> Eins og er vel þekkt getur *maður* ekki einungis borið einkenni nafnorðs heldur einnig fornafns (t.d. Aðalsteinn Eyþórsson 1986, Jóhannes Gísli Jónsson 1992, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Strömqvist 2005, Helgi Skúli Kjartansson 2017).<sup>2</sup>

(1) a. Sérhver maður reynir að gera sitt besta.

(Aðalsteinn Eyþórsson 1986)

b. Það sást maður í Hljómskálagarðinum í gær.

(Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Strömqvist 2005:144)

(2) a. Maður reynir að gera sitt besta.

(Aðalsteinn Eyþórsson 1986)

b. Manni getur nú sárnað.

(Aðalsteinn Eyþórsson 1986)

c. ✓ Segir maður ekki ollu?

d. ✓ Frá því maður var 10 ára hefur mig dreymt um þetta [...]

e. ✓ Þegar maður sér sjálfan sig á hliðarlínunni þá hugsar maður að það sé ekki skrítið að maður sé þreyttur

f. ✓ Á ekkert að heilsa manni?

Í þessari grein vísum við til *maður* sem nafnorðs í notkun á borð við þá sem sýnd er í (1) en sem fornafns í dæmum á borð við (2). Viðfangsefni

<sup>1</sup> Þessi grein er að stofni til nokkurra ára gömul og hefur hún breyst talsvert mikið frá því að hún var send til tímaritsins til ritrýni. Við þökkum Höskuldi Þráinssyni, sem var annar ritstjóra *Íslensks máls* þegar greinin var ritrýnd, fyrir gagnlegar ábendingar og tveimur ónafngreindum ritrýnum fyrir góðar athugasemdir, sem og Ástu Svavarsdóttur og Þórhalli Eyþórssyni ritstjórum. Kærar þakkir fær Hlíf Árnadóttir fyrir umræður um efnið á fyrri stígum og ýmsar snjallar ábendingar. Þá þökkum við fyrir góðar umræður og margar athugasemdir þegar efnið var kynnt í Málvísindakaffi 30. nóvember 2018.

<sup>2</sup> Í greininni styðjumst við á ýmsum stöðum við dæmi sem við höfum fundið við leit á netinu, einkum í Risamálheildinni (<https://malheildir.arnastofnun.is/?mode=rnh2022>; Starkaður Barkarson, Steinþór Steingrímsson og Hildur Hafsteinsdóttir 2022, Starkaður Barkarson o.fl. 2022). Þegar við sýnum slík „raunveruleg“ máldæmi notum við táknið ✓ en flest þessara dæma má finna í Risamálheildinni. Leturbreytingar í dæmum eru okkar.

greinarinnar er fyrst og fremst fornafnið *maður*.<sup>3</sup> Við ræðum hér um fornafnseiginleika þess og hvað það er sem sýnir að *maður* geti verið fornafn. Það er þó ekki augljóst hvernig best er að tala um *maður* sem hefur fornafnseinkenni: Við gætum sagt að stundum sé *maður* notað „eins og fornafn“ (sbr. *Íslenska orðabók handa skólum og almennungi* 1963:416: „notað sem óákveðið fornafn“ og Katrínu Axelsdóttur 2011:57: „Orðið *maður* er yfirleitt ekki talið með fornöfnum en löng hefð er fyrir því að nota það eins og fornafn“) eða talað hreinlega um „fornafnið *maður*“. Ef við lítum svo á að í dæmum (1) og (2) sé *maður* alls staðar **sama orðið** gætum við e.t.v. sagt að nafnorðið *maður* sé notað eins og fornafn í (2) en ef þetta eru tvö aðskilin orð væri edlilegra að tala um nafnorðið *maður* í (1) og fornafnið *maður* í (2).<sup>4</sup> Þetta vekur upp spurningar um formgerðina í mismunandi dæmum um *maður* sem við förum ekki djúpt í hér. Við gerum ráð fyrir tveimur mismunandi formgerðum sem geta átt margt sameiginlegt – svo sem sömu rót – og tölum annars vegar um nafnorðið *maður* og hins vegar fornafnið *maður*, eins og áður segir.

Fornafnið *maður* getur haft **almenna** vísun eða merkingu, t.d. eins og *fólk* þegar rætt er um fólk almennt, en þó er mælandinn jafnan meðtalinn (t.d. Jóhannes Gísli Jónsson 1992:11, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Strömquist 2005 og Þórhallur Eypórsson 2008:89–90). Það getur einnig haft **sértæka** vísun eða merkingu, einkum þar sem það er notað í merkingu 1. persónu eintölu, þ.e. til að vísa eingöngu til mælandans.<sup>5</sup> Það að mælandinn sé jafnan meðtalinn þegar *maður* er notað leiðir ekki hugann eingöngu að 1. persónu fornöfnum heldur einnig að **hröppum** en það er

<sup>3</sup> Á undanförmum árum hefur verið mikil umræða það hvort *maður* í margvíslegu umhverfi vísi jafnt til allra kynja (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 2022b, 2022c). Þessi umræða nær einnig til fornafnsins *maður* en ýmsir málhafar hafa brugðið á það ráð að nota *man* eða *kona* í stað fornafnsins *maður* (sjá t.d. Ragnhildi Ósk Sævarsdóttur 2021:28). Þetta verður ekki rætt frekar hér – en sjá þó kafla 4.2.

<sup>4</sup> Þess má geta að það er ekki heldur augljóst að *maður* með merkingu 1. persónu og *maður* í almennri merkingu séu eitt og sama orðið. Þannig talar Jóhannes Gísli Jónsson (1992:2) um þetta tvennt sem „two lexical items“. Hann telur að sértæka merkingin hafi þróast út frá almennu merkingunni sem aftur hafi þróast út frá nafnorðinu *maður* (sjá einnig almenna umræðu um þróunina þvert á tungumál hjá Egerland 2003).

<sup>5</sup> Jóhannes Gísli Jónsson (1992) ræðir um *maður* með merkingu 1. persónu annars vegar og með almenna merkingu hins vegar. Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland (2009) ræða sömuleiðis um að *maður* geti haft almenna merkingu en þeir nota sértæka merkingu til að lýsa notkuninni í merkingu 1. persónu. Í grein Hrafnhildar Ragnarsdóttur og Strömquists (2005) er hins vegar lögð áhersla á almenna merkingu *maður* (og *man* í sænsku).

Þýðing okkar á hugtaki Collins og Postals (2012), *imposters*, sem þeir lýsa svo:

(3) **Lýsing á hröppum**

Hrappur er nafnliður sem er túlkaður sem X. persóna en er að forminu til Y. persóna,  $X \neq Y$ . (Collins og Postal 2012:5)

Hrappar villa þannig á sér heimildir: Þeir eru annað en þeir líta út fyrir að vera, svo sem 3. persóna að forminu til en 1. eða 2. persóna merkingarlega. Annað viðfangsefni þessarar greinar er einmitt hrappar og að hvaða leyti hægt er að líta á fornafnið *maður* sem slíkt fyrirbæri. Þegar mælandi vísar til sjálfs sín eða viðmælenda sinna liggur beinast við að nota persónufornöfn: *ég, við, þú, þið*. Þetta er einnig hægt að gera á annan hátt – dæmi um notkun hrappa er gefin hér fyrir neðan þar sem hrapparnir eru feitletraðir.

(4) a. Svona svona, elskan, **pabbi** er hér.

b. Hvað segir **kallinn**? (Wood og Einar Freyr Sigurðsson 2014:196–197)

Notkunin í (4a) er dæmigerð fyrir það þegar faðir talar við barn sitt og vísar til sjálfs sín sem pabba. Í (4b) vísar mælandi aftur á móti til viðmælenda með því að segja *kallinn* (eða jafnvel *kjellinn*) en ekki með fornafni 2. persónu, *þú*. Að forminu til eru *pabbi* og *kallinn* 3. persóna eintala en hafa merkingu 1. og 2. persónu eintölu.

Í umræðunni um hrappa verður talsverð áhersla lögð á sértæka merkingu þar sem *maður* vísar til 1. persónu eintölu en það virðist þannig dæmi um hrapp: *Maður* hefur, eins og *pabbi* hér fyrir ofan, form 3. persónu en merkingu 1. persónu.

Í þessari grein skoðum við hvað það er sem gerir *maður* að fornafni og reynum að átta okkur á formgerðinni. Við ræðum hér einnig um önnur einkenni sem hafa lítið eða ekki verið til umræðu og veltum fyrir okkur hvort þau séu til marks um fornafnseiginleika eða eitthvað annað. Við athugum hvort greina megi *maður* sem hrapp og veltum um leið fyrir okkur öðrum hröppum. Við spyrjum svo einnig hvort allir hrappar séu fornöfn eða hvort hægt sé að greina þetta tvennt að.

Við reynum að svara þessum spurningum og varpa skýrara ljósi á viðfangsefnið með það fyrir augum að hægt sé að átta sig betur á fyrirbærinu *maður*, fornöfnum og hröppum.<sup>6</sup>

<sup>6</sup> Þess má geta að oft hefur verið amast við fornafnsnotkun *maður* (sjá t.d. umræðu hjá Kjartani G. Ottóssyni 1990:96 og Heimi van der Feest Viðarssyni 2017). Jakob Jóh. Smári

## 2. Eiginleikar fornafnsins *maður*

Þegar rætt er um *maður* í dæmum eins og (2) hér að framan er það stundum flokkað sem fornafn – og þá gjarnan sem óákveðið fornafn (Þórhallur Eypórsson 2008:89, Heimir (Freyr) van der Feest Viðarsson 2017:130, 2019:v–vi, Eiríkur Rögnvaldsson 2022a).<sup>7</sup>

Sú spurning hlýtur óhjákvæmilega að vakna hvers vegna flokka ætti *maður* sem fornafn og þá jafnframt hvað það er sem einkennir fornöfn – eða hreinlega hvað það er sem gerir fornafn að fornafni. Við getum bæði borið saman einkenni *maður* við önnur fyrirbæri sem eru óumdeilanlega fornöfn og athugað hvort málfræðileg hegðun *maður* sé eitthvað í líkingu við skilgreiningar á fornöfnum. Ef *maður* hegðar sér að tilteknu leyti eins og t.d. persónufornöfn bendir það til þess að um fornafn sé að ræða. Við getum líka skoðað almennar skilgreiningar á fornöfnum eða hugmyndir um þau og athugað hvar *maður* stendur í samanburði við slíkar skilgreiningar. Við gerum þetta í því sem hér fylgir en byrjum þó á nokkrum atriðum sem eru einkennandi fyrir fornafnið *maður* án þess þó að þessi einkenni séu skýr merki um að þetta sé fornafn.

### 2.1 Nokkur sérkenni fornafnsins *maður*

Jóhannes Gísli Jónsson (1992) bendir á fjölmörg áhugaverð einkenni fornafnsins *maður*. Hann ræðir m.a. um takmarkanir á notkun *maður* í merkingu 1. persónu og sýnir eftirfarandi dæmi þar sem ótækt er að nota *maður*:

- (5) a. \*Það er *maður* sem María hefur aldrei séð.  
 b. \*Aðeins *maður* getur gert við útvarpið.  
 c. \*Mann hefur María aldrei séð.  
 d. \**Maður* og Jón erum þreyttir.  
 e. \**maður*, sem talar enga spænsku  
 f. \*Þetta er *maður*. (Jóhannes Gísli Jónsson 1992:18–19)

Jóhannes Gísli veltir fyrir sér hvers vegna dæmi sem þessi séu ótæk, svo sem hvers vegna ekki sé hægt að kjarnafæra *mann* í (5c) og ekki sé hægt

(1920:130) segir notkunina vera alranga og að hún sé af útlenskum uppruna (hann nefnir í því sambandi *man* í dönsku og þýsku). Þetta er þó ekki til skoðunar hér.

<sup>7</sup> Þess má þó geta að Aðalsteinn Eypórsson (1986) athugaði umfjöllun um óákveðin fornöfn í tíu málfræðiritum. Einungis í þremur þeirra var *maður* í hópi óákveðinna fornafna.

að nota *maður* í samtengdum liðum eins og *maður og Jón* í (5d), og bendir á mögulegar skýringar. Við sýnum þessi dæmi hér til að undirstrika að það er margt sérstakt við fornafnið *maður*: Það gengur illa að nota það í margvíslegu umhverfi þar sem önnur fornöfn eða nafnorð ganga vel. Þetta eru þá ákveðin sérkenni fornafnsins *maður* sem virðast ekki hafa neitt sérstakt með fornafnseiginleika *maður* sem slíka að gera, jafnvel þótt þeir leiði í ljós mismunandi eiginleika fornafnsins og nafnorðsins *maður*. Þessu til stuðnings getum við nefnt að sams konar fornafn í vestur-frisnesku, *men*, hegðar sér að mjög mörgu leyti eins og fornafnið *maður* í íslensku en engu að síður er tækt að nota *men* sums staðar í dæmum samþærigum þeim sem eru sýnd í (5) þar sem ekki gengur að nota *maður* (sjá Hoekstra 2010).

Við höfum tekið eftir að sum svona dæmi verða tæk þegar *sjálfur* er bætt við *maður*, svo sem í samtengdum liðum:

- (6) a. ✓ Það sem er svona gaman við að keppa er að vinna með hestinum, sýna fólki hvað **maður sjálfur og hesturinn** geta orðið flott saman.
- b. ✓ Þetta er auðvitað að vissu leyti áhyggjuefni, en eitthvað sem **maður sjálfur og flestir aðrir** hafa velt fyrir sér [...]
- c. ✓ **Bæði maður sjálfur og okkar starfsmenn** vilja auðvitað gera betur.
- d. ✓ Telst með þau málverk sem **maður sjálfur og börnin** gera?

Þetta væri áhugavert að skoða betur en við gerum það ekki hér – en bendum þó á önnur dæmi um *maður sjálfur* í köflum 2.3 og 4.4. Þess má geta hér að lokum að þótt stjörnumerкта dæmið frá Jóhannesi Gísla Jónssyni í (5d) sýni persónubeygðu sögnina í 1. persónu fleirtölu (*\*Maður og Jón erum þreyttir*) – sem á að sýna að samtengdi liðurinn *maður og Jón* sé ótækur – höfum við ekki fundið dæmi um samtengda liði með *maður sjálfur* sem stýra 1. persónu fleirtölu á persónubeygðri sögn. Þannig eru persónubeygðu sagnirnar sem standa með samtengdu liðunum í (6) í 3. persónu fleirtölu.

## 2.2 Ákveðinn greinir

Nafnorðið *maður* getur auðvitað bætt við sig greini en samsvarandi fornafn getur það aftur á móti ekki. Fornöfn eiga það vissulega sameiginlegt að þau bæta ekki við sig ákveðnum greini – en það á svo sem við um flestar gerðir fallorða. Viðskeyttur greinir er þá e.t.v. fyrst og fremst til marks

um að orðið sem það stendur með sé nafnorð. Það að ekki sé hægt að bæta greini við *maður* í setningu eins og *Maður(\*inn) á alltaf að segja satt*<sup>8</sup> bendir einkum til þess að það sé ekki nafnorð í því tilfelli en segir að öðru leyti ekki hvers konar fallorð það sé.

### 2.3 Ákvæðisorð

Aðalsteinn Eyþórsson (1986) ræðir um að ekki sé hægt að nota ákvæðisorð með *maður* í fornafnsmerkingu. Hann sýnir dæmið í (7a) þar sem *maður* inniheldur a.m.k. mælandann en þegar ákvæðisorðinu *sérhver* er bætt við verður að túlka *maður* sem nafnorð, sjá (7b).

- (7) a. **Maður** reynir að gera sitt besta.  
 b. **Sérhver maður** reynir að gera sitt besta. (Aðalsteinn Eyþórsson 1986)

Aðalsteinn bendir á líkindi við persónufornöfn sem verða gjarnan að vera ein í nafnlið. Þó geti ýmislegt komið á eftir persónufornöfnum (sbr. *Við tvö fórum í leikhús í gær, Við hin erum ekkert að skipta okkur af þessu, Ég sé ykkur frændurna drekka brennivín*) – og það eigi einmitt líka við um fornafnið *maður*. Hann sýnir dæmið í (8a) en til samanburðar höfum við sett dæmið í (8b) sem sýnir að *sjálfur* getur staðið með persónufornöfnum á borð við *hún*.

- (8) a. Aðrir eru ekkert betri en **maður sjálfur**. (Aðalsteinn Eyþórsson 1986)  
 b. Hún segir að aðrir séu ekkert betri en **hún sjálf**.

Aðalsteinn leggur raunar til að *maður* sé greint sem persónufornafn. Það er mjög áhugaverð tillaga sem við athugum þó ekki frekar hér.

### 2.4 Maður sem eignarfallseinkunn

Fornafnið *maður* getur staðið sem eignarfallseinkunn með nafnorði sem bætir við sig greini, ólíkt nafnorðum á borð við *karl*, *kona* og *maður* eða sérnöfnum.

- (9) a. Ef **billinn manns** bilar verður að gera við hann.  
 (sbr. Einar Frey Sigurðsson 2012:97)  
 b. Ef **billinn minn** bilar verður að gera við hann.

<sup>8</sup> Ef greinir er notaður á *maður* í dæmi eins og þessu er það tækt ef verið er t.d. að tala um einhvern tiltekinn mann (svo sem annan en mælanda) eða tegundina *maður*.

- c. Ef **billinn hennar** bilar verður að gera við hann.  
 d. \*Ef **billinn karlsins/konunnar/mannsins** bilar verður að gera við hann.

Í (9a) hefur *maður* í *billinn manns* sams konar virkni og eignarfornafnið í (9b), sjá *billinn mín*, og hegðar sér eins og eignarfall persónufornafnsins *hún* í (9c), sjá *billinn hennar*.

Í (9d) er *mannsins* aftur á móti hefðbundið nafnorð með greini en þá getur það ekki staðið sem eignarfallseinkunn með öðru nafnorði sem bætir við sig greini, nema þá hjá þeim sem hafa í máli sínu Ólafsfjarðareignarfallið svokallaða (Gunnhildur Ottósdóttir 2006, Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson og Eiríkur Rögnvaldsson 2015, Einar Freyr Sigurðsson 2017b). Því er dæmið merkt með stjörnu – en með þeim fyrirvara að þetta ætti að vera tækt í máli þeirra sem hafa Ólafsfjarðareignarfallið.

## 2.5 Bindilögmál B og C og samvísun

Stundum er rætt um fornöfn þannig að þau séu notuð til að forðast endurtekningu, sbr. Björn Guðfinnsson (1937:13). Innan generatífrar málfræði hefur mikið verið fengist við að skýra dreifingu mismunandi nafnliða, þ.e. hvenær hægt er að nota t.d. sérnöfn og fornöfn, og það fellt undir vel þekkt bindilögmál. Þau eru þrjú: A, B og C (sjá t.d. Chomsky 1981:188, Sigríði Sigurjónsdóttir 1992, Höskuld Þráinsson 2005:526–528). **Lögmál A** lýtur að bindifornöfnum (e. *anaphors*), svo sem afturbeygðum fornöfnum eins og *sig*. Samkvæmt lögmáli A verða bindifornöfn að vera „bundin“ á sínu sviði, t.d. innan þeirrar setningar sem þau standa í. Dæmi um þetta er *Jón; dreif sig; burt* þar sem undanfarinn *Jón* bindur *sig* og því er afturbeygt fornafn notað í andlagssætinu. Hér sjáum við sama vísi (e. *index*), *i*, á nafnliðunum *Jón* og *sig* og það má í þessu tilfelli rekja til þess að *Jón* er undanfari *sig*. **Lögmál B** lýtur að fornöfnum (eða fornefnum, e. *pronominals*), t.d. *ég* og *hún*, og þar segir að fornöfn verði að vera frjáls á sínu sviði – það væri t.d. ótækt að segja \**Jón; dreif hann; burt* vegna þess að þar er *hann* ekki frjálst fornafn úr því að *Jón* bindur það. **Lögmál C** lýtur síðan að vísiliðum (e. *referential expressions*, *R-expressions*), en þar undir falla t.d. sérnöfn og ákvedniliðir eins og t.d. *María*, *lögfræðingurinn* eða *hundurinn*. Þetta lögmál segir að vísiliðir verði að vera alfrjálsir. Þegar við greinum milli þess hvort *maður* er fornafn eða nafnorð erum við í raun að velta fyrir okkur hvort það sé fornafn/fornefna (sjá lögmál B) eða vísiliður (lögmál C).

Ekki er ráðrúm hér til að skilgreina sviðin sem fornöfn verða að vera frjáls innan skv. lögmáli B en þegar skoðað er hvort *maður* í tiltekinni setningu er fornafn eða nafnorð getum við skoðað hegðun annarra vísiliða og fornafna og reynt að finna samhengi þar sem eingöngu fornöfn eru möguleg. Þegar *maður* er eingöngu mögulegt í umhverfi þar sem gengur að nota fornöfn bendir það til þess að notkunin sé í samræmi við lögmál B en ekki C. Með þetta í huga skulum við líta á eftirfarandi dæmi þar sem við gefum okkur að mælandi sé ekki Ólafur, þ.e. að mælandi tali þar ekki um sjálfan sig með því að nota eigin nafn sitt; sami vísir á tveimur nafnliðum sýnir að þeir séu samvísandi en mismunandi vísar segja til um að liðirnir séu það ekki (þannig er *Ólafi; fannst Ólafur<sub>i</sub> ... ótækt en Ólafi; fannst Ólafur<sub>j</sub> ... tækt*; vísarnir *i* og *j* veita þær upplýsingar að í tæku gerðinni séu tveir menn sem báðir heita Ólafur).

- (10) a. **Ólafur<sub>i</sub>** veit vel [að **Ólafur<sub>i/j</sub>** verður að ná árangri].  
 (Höskuldur Þráinsson 2005:519, 528)  
 b. **Ólafi<sub>i</sub>** fannst [**Ólafur<sub>i/j</sub>** vera að gera eitthvað rétt].

Í (10) eru vísiliðirnir (þ.e. sérnöfnin) í undirskipuðu setningunum ekki frjálsir þegar þeir eru samvísandi við frumlag yfirskipuðu setningarinnar; dæmin brjóta gegn bindilögmáli C og þau þá ótæk. Í undirskipuðu setningunum þarf að skipta *Ólafur* út fyrir fornafn eins og gert er í (11) – það skiptir máli að ef sérnafninu er skipt út á einungis öðrum staðnum sé það í undirskipuðu setningunni en ekki aðalsetningunni, eins og sýnt er í (11) og (12). Svo væri auðvitað líka hægt að skipta út nafninu á báðum stöðum í hvorri setningu fyrir fornafnið *hann*, eins og gert er í (13).

- (11) a. **Ólafur<sub>i</sub>** veit vel [að **hann<sub>i/j</sub>** verður að ná árangri].  
 (Höskuldur Þráinsson 2005:517, 520)  
 b. **Ólafi<sub>i</sub>** fannst [**hann<sub>i/j</sub>** vera að gera eitthvað rétt].  
 (12) a. **Hann<sub>i</sub>** veit vel [að **Ólafur<sub>i/j</sub>** verður að ná árangri].  
 b. **Honum<sub>i</sub>** fannst [**Ólafur<sub>i/j</sub>** vera að gera eitthvað rétt].  
 (13) a. **Hann<sub>i</sub>** veit vel [að **hann<sub>i/j</sub>** verður að ná árangri].  
 b. **Honum<sub>i</sub>** fannst [**hann<sub>i/j</sub>** vera að gera eitthvað rétt].

Hér væri svo einnig hægt að nota önnur fornöfn, svo sem *ég*:

- (14) a. **Ég<sub>i</sub>** veit vel [að **ég<sub>i</sub>** verð að ná árangri].  
 b. **Mér<sub>i</sub>** fannst [**ég<sub>i</sub>** vera að gera eitthvað rétt].



Nú getum við snúið okkur að því að athuga hvort *maður* geti hegðað sér eins og fornafn.

(15) a. **Maður<sub>i</sub>** veit vel [að **maður<sub>i</sub>** verður að ná árangri].

b. **Manni<sub>i</sub>** fannst [**maður<sub>i</sub>** vera að gera eitthvað rétt].

Þessi dæmi, þar sem mælandi vísar til sjálfs sín með því að nota *maður* í aðalsetningunni og aukasetningunni, eru fullkomlega tæk í máli fyrri höfundar þessarar greinar, sem hefur íslensku að móðurmáli. Það sýnir að *maður* í undirskipuðu setningunum er fornafn í máli hans (og væntanlega einnig í aðalsetningunni en prófið sem við beitum hér segir ekkert til um það).

Þó er við því að búast að hér geti verið svolítill tilbrigði milli málhafa – eða að minnsta kosti á mismunandi tímum. Í *Íslenzkri orðabók handa skólum og almenningi* (1963:416) lýtur ein merking *maður* að því þegar það „er notað sem óákveðið fornafn, einkum um þann sem talar eða fólk almennt“. Þar á eftir fylgir eftirfarandi texti:

ofnotkun þess er algeng, en fer illa; þá er oft betra að nota pfn *hann* til að forðast endurtekningu: ?*manni leiðist, þegar félagar manns eru að erta mann* manni (mér) leiðist, þegar félagar hans (mínir) eru að erta hann (mig), það er leiðinlegt, þegar félagarnir eru með ertingar.

Umorðunin **Manni<sub>i</sub> leiðist þegar félagar hans<sub>i</sub> eru að erta hann<sub>i</sub>** finnst áður nefndum fyrri höfundi þessarar greinar ekki eðlileg en myndi passa mun betur ef *maður* væri ekki fornafn heldur nafnorð sem væri svipað og hrappurinn *pabbi*. Við ræðum um hrappa í 4. kafla og beitum prófunum í köflum 2.4 og 2.5 m.a. á hrappinn *pabbi* í kafla 4.2.

## 2.6 Stutt samantekt

Við höfum hér skoðað ýmis einkenni *maður* og litið á atriði sem benda til þess að það megi greina sem fornafn. Við höfum m.a. bent á að í setningum eins og **Manni<sub>i</sub> fannst maður<sub>i</sub> vera að gera eitthvað rétt** og **Ef bíllinn manns bílar verður að gera við hann** leynist sterkar vísbendingar um fornafneinkenni *maður*.

## 3. Almenn merking og sértæk

Hægt er að greina milli almennrar og sértækrar merkingar *maður* í íslensku eins og nefnt var í inngangi. Við lítum á þessa mismunandi merkingu hér.

### 3.1 Tvær merkingargerðir maður

Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland (2009) fjalla um ýmsa ópersónulega rökliði (e. *impersonal arguments*) í mismunandi tungumálum og þar á meðal *maður* í íslensku. Þeir skipta merkingu slíkra rökliða í þrennt: **almenna** (e. *generic*),<sup>9</sup> **ótilgreinda** (e. *arbitrary*) og **sértæka** (e. *specific*) (sjá einnig Egerland 2003). Aðeins tvær þeirra eru notaðar með *maður*.

Almenn merking hjá Halldóri og Egerland felur í sér óafmarkandi (e. *non-restricted*) gerð merkingarþáttarins +MENNSKUR (e. *human*). Merkingin verður þá fólk almennt. Þegar svo um er að ræða hið íslenska fornafn *maður* í almennri merkingu inniheldur það líka mælandann. (16) er dæmi um þetta.

- (16) Til að finna stöðina beygir maður fyrst til hægri.  
(Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland 2009:162)

Ótilgreind merking felur einnig í sér merkingarþáttinn +MENNSKUR; gerð hans er ekki sértæk (hún er *non-specific*) og felur ekki í sér mælandann eða viðmælandann. Halldór og Egerland benda á að fornafnið *maður* er ekki notað í slíkri ótilgreindri merkingu í íslensku:<sup>10</sup>

- (17) #Ég heyrði í gærðag að maður sé í verkfalli á hótelinu.  
(Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland 2009:162)

*Maður* getur líka vísað eingöngu til mælandans en þá er merkingin sértæk (sjá Halldór og Egerland 2009:163). (18) er dæmi um þetta.

- (18) Já, maður var óheppinn í gær.  
(Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland 2009:163)

Þar eð ótilgreinda merkingin, sjá (17), er ekki notuð með *maður* í íslensku sneiðum við algjörlega hjá frekari umfjöllun um hana en skoðum aftur á móti almenna og sértæka merkingu aðeins nánar.

<sup>9</sup> Ritrýnir og Höskuldur Þráinsson eru ekki vissir um að rétt sé að tala um *generic* í þessu samhengi. Hugsanlega væri eitthvert annað hugtak heppilegra en við fáumst ekki frekar við það hér.

<sup>10</sup> Dæmið í (17) er hér dæmt setningafræðilega tækt en merkingarlega ótækt og því merkjum við það með tákniinu # frekar en \*. Þó kunna að vera meiri tilbrigði í þessu en við, höfundar greinarinnar, hefðum búist við. Ásta Svavarsdóttir bendir okkur til að mynda á að henni þykja sum dæmi með ótilgreindri merkingu alls ekki slæm, svo sem (22a).

### 3.2 *Nánar um merkingu maður í íslensku*

Í sértækri merkingu getur mælandi sem sagt vísað til sjálfs sín eingöngu með því að nota *maður*, sbr. umfjöllunina hér að framan, en í almennri merkingu er vísunin víðtækari, jafnvel þannig að talað er um fólk almennt, en þó þannig að mælandinn sjálfur er talinn með, sjá (19).

(19) Hvernig skráir maður sig í sóttkví?

Hér má segja að spurt sé um hvaða reglur gildi almennt um skráningu í sóttkví og hvernig fólk almennt fari að og um leið yfirfærast slíkar reglur eða viðmið á mælandann. Almenn merking *maður*, rétt eins og sértæk, virðist þannig þurfa að ná yfir mælandann, þ.e. hann þarf að vera hluti þess mengis sem *maður* nær til. Önnur leið við að skoða almennu merkinguna er að fylgja greiningu Moltmann (2006, 2010) á almennri merkingu fornafnsins *one* í ensku og segja að mælandi setji sig í spor þeirra sem notkun fornafnsins nær til hverju sinni eða samsami sig þeim; þannig má segja að hann máti sig við eða inn í aðstæðurnar sem er lýst.

Almenna merkingu má gjarnan kalla fram í tíðarsetningum, sbr. (20a) *Þegar maður ...*, og skilyrðissetningum, sbr. (20b) *Ef maður ...* Í báðum dæmunum er einföld nútíð (*ýtir* og *margfaldar*).<sup>11</sup>

(20) a. Þegar maður ýtir á hnappinn, þá kviknar ljós.

b. Ef maður margfaldar 2 og 3, verður útkoman 6.

(Jóhannes Gísli Jónsson 1992:3)

Samhengið í þessum dæmum er almennt, eins og kannski gefur að skilja, en þar er lýst aðstæðum sem eiga við sama hvaða gerandi á í hlut. Það skiptir t.a.m. ekki máli hver það er sem margfaldar 2 og 3 – útkoman verður alltaf 6. Athyglisvert er að hægt væri að snúa tíðarsetningunni og skilyrðissetningunni í þolmynd og fá almenna merkingu:

(21) a. Þegar ýtt er á hnappinn, þá kviknar ljós.

b. Ef tölurnar 2 og 3 eru margfaldaðar, verður útkoman 6.

Það eru hins vegar ekki sömu takmarkanir á því til hvaða mengis *maður* í almennri merkingu nær og í samsvarandi þolmynd. Í þolmynd er gerandi oft ósýnilegur (þ.e. ef hann er ekki nefndur í *af-lið*) og þar hefur ósagður gerandinn gjarnan merkinguna ‘einhver’ og vísar sú merking ekkert sér-

<sup>11</sup> Þótt almenn merking sé augljósasta merkingin í dæmum eins og (20) geta slík dæmi vissulega verið tvíræð, eins og ritrýnir bendir okkur á.

staklega til mælandans, nema síður sé. Almenn merking *maður* virðist hins vegar verða að geta náð a.m.k. til mælanda (Þórhallur Eyþórsson 2008: 89–90; sjá einnig Hrafnhildi Ragnarsdóttur og Strömquist 2005:149); með notkuninni virðist mælandi máta sig (og fleiri, t.d. fólk almennt) við aðstæðurnar.<sup>12</sup>

- (22) a. #Fyrir á öldum gekk maður út frá því að jörðin væri flöt.  
 b. Fyrir á öldum gekk fólk út frá því að jörðin væri flöt.  
 c. Fyrir á öldum gengu menn út frá því að jörðin væri flöt.  
 d. Fyrir á öldum var gengið út frá því að jörðin væri flöt.

Jafnvel þótt hægt sé að segja að fólk almennt – eða menn (fleirtala) – hafi gengið út frá því að jörðin væri flöt, sjá (22b–c), og sömuleiðis sé hægt að nota þolmyndina í (22d), sem hefur svipaða merkingu og (22b–c), gengur (22a) ekki að mati fyrri höfundar þessarar greinar (sjá hins vegar nmgr. 10 hér að framan). Ástæðan virðist sú að mælandinn var ekki uppi „fyrir á öldum“; hann á þannig ekki aðild að þeim heimi sem lýst er og þar með gengur ekki að nota *maður* án frekari fyrirvara þar sem *maður* vísar ekki eingöngu til fólks almennt heldur einnig til sjálfs mælandans. Hins vegar fær hann aðild að heiminum í (23) þar sem er notuð skilyrðissetning og háttarmerking (*hefði*).

- (23) Ef maður hefði verið uppi fyrir á öldum hefði maður gengið út frá því að jörðin væri flöt.

Með þessu móti staðsetur mælandinn sig á öðrum tíma (og notar þá *maður* í skilyrðissetningunni) og nær þá að máta sig inn í aðstæðurnar sem lýst er í aðalsetningunni.

Jóhannes Gísli Jónsson sýnir einnig eftirfarandi dæmi þar sem mælandinn getur t.d. oftast nær ekki verið karlmaður vegna þess að gildið á *maður* getur fyrst og fremst náð til kvenna í aðstæðum þar sem lýst er meðgöngu og fæðingu.<sup>13</sup> Þessi dæmi og merking þeirra benda til að mæl-

<sup>12</sup> Sömu hömlur virðast vera á notkun fornafnsins *men* ‘maður’ í vestur-frísnesku þar sem það inniheldur alltaf mælandann; því er vestur-frísneska dæmið í (i-a) merkingarlega ótækt en sambærileg dæmi í hollensku (i-b) og þýsku (i-c) tæk en þar getur *men* og *man* haft ótilgreinda merkingu (Hoekstra 2010).

(i) a. #Yn ‘e 19de ieu hat **men** dy stins ôfbrutsen.  
 b. In de 19de eeuw heeft **men** dat kasteel afgebroken.  
 c. Im 19. Jahrhundert hat **man** das Schloss abgerissen.  
 ‘Á 19. öld var kastalinn rifinn.’

(Hoekstra 2010:33)

<sup>13</sup> Rétt er að geta þess að meðganga og barnsburður er ekki eingöngu bundinn við konur – t.d. geta trans karlar gengið með og fætt börn.

andinn þurfi að geta verið hugsanlegt gildi á breytunni *maður* þegar fornafnið er notað í almennri merkingu.

(24) Ef maður gengur með tvíbura, verður fæðingin erfið.

(Jóhannes Gísli Jónsson 1992:11)

Þegar reynt er að gera grein fyrir óákveðnum eða ópersónulegum fornöfnum sem hafa almenna merkingu er stundum gert ráð fyrir svokölluðum **virkJa** (e. *operator*) í setningu sem verkar á breytur innan hennar; það gerir t.a.m. Jóhannes Gísli Jónsson (1992) í athugun sinni á *maður*. Við getum kannski hugsað þetta þannig að í stað slíks fornafns setjum við einfaldlega breytuna  $x$  sem getur staðið fyrir hvað sem er.

(25) a. Segir  $x$  ekki *ollu*?

b. Þegar  $x$  ýtir á hnappinn, þá kviknar ljós.

Við getum velt fyrir okkur hvers konar merkingu setningarnar fá ef við setjum t.d. *María* í stað breytunnar  $x$ . Þá fá dæmin auðvitað mjög sértæka merkingu sem hefur ekki víðari skírskotun. Með notkun virkja með almenna tilvísun fá dæmin aftur á móti mun almennari merkingu. *Maður* virkar einmitt þannig í slíku umhverfi.

Í eftirfarandi dæmum hefur *maður* aftur á móti ekki almenna merkingu heldur sértæka.

(26) a. Maður er alveg staurblankur.

b. Maður þarf að léttast um 10 kíló.

(Jóhannes Gísli Jónsson 1992:15–16)

Jóhannes Gísli Jónsson (1992) talar um 1. persónu merkingu í þessu samhengi; notkunin virðist í þessum dæmum jafnvel eingöngu ná til mælandans. Þegar mælandi segir t.d. *Maður er alveg staurblankur* virðist þetta eingöngu vera fullyrðing um hann sjálfan. Hér kemur þá síður til greina að halda því fram að í setningunni sé virki sem hafi almenna skírskotun.

Stundum er erfitt að koma auga á hvað það er nákvæmlega sem gerir það að verkum að við túlkum *maður* í tiltekinni setningu í sértækri merkingu frekar en almennri – eða öfugt. Þegar *maður* hefur almenna merkingu virðist umhverfið á einhvern hátt laða fram slíka merkingu – skilyrðissetningar og tíðarsetningar virðast t.a.m. mjög gjarnan framkalla almennt umhverfi, sbr. dæmi (20). Í almennri merkingu er persónubeygða sögnin oft í nútíð og vísar ekki í tiltekinn tíma eða atburð. Þó er persónubeygða sögnin í (26a–b) í nútíð en samt er merkingin sértæk. Hér má

skoða hvort það sé eitthvað sérstakt við sagnliðina og sagnfyllinguna sem kalli fram sértæka merkingu; *vera staurblankur* hefur kannski svolítið sértækt yfirbragð sem á við um tiltekna einstaklinga frekar en fólk almennt. Við getum svo framkallað almenna merkingu setninganna í (26) með því að breyta þeim þannig að þær séu hluti skilyrðissetningar eða tíðarsetningar: *Ef maður er alveg staurblankur er ekki margt sem maður getur leyft sér, Þegar maður þarf að léttast um 10 kíló er best að breyta mataræðinu.* Hér fær *maður* sem sagt almenna merkingu, ólíkt samsvarandi setningum í (26).

Í eftirfarandi setningum er e.t.v. að sumu leyti einfaldara en í (26) að átta sig á því hvað það er sem framkallar sértæka merkingu.

(27) a. Já, maður var óheppinn í gær.

(Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland 2009:163)

b. ✓ Maður las greinina með morgunkaffinu [...]

Svipað og í tilfelli *vera staurblankur* í (26a) getum við sagt að *vera óheppinn* sé einstaklingsbundið en þar að auki er setningin í þátíð og í henni tímaliður sem vísar til tiltekins tíma, *í gær*, og þá kannski ólíklegt að óheppni hafi verið dæmigerð fyrir fólk almennt á tilteknu tímabili. Í (27b) er ýmislegt sem virðist geta framkallað sértæka merkingu. Þarna er vísað til ákveðinnar greinar (sem kannski kom út fyrr sama dag); það að *maður* hafi lesið hana með morgunkaffinu felur í sér að sá hinn sami hafi gert það um morguninn og drukkið kaffi. Hér er sem sagt vísað til tiltölulega þröngra skilyrða sem *maður* verður uppfylla. Hægt væri að betur athuguðu máli að ræða mun nánar um það hvað það er sem framkallar almenna merkingu og sértæka í svona setningum en við gerum það ekki hér.<sup>14</sup>

Með hliðsjón af því sem hér hefur komið fram er áhugavert að *maður* þar sem það vísar til mælanda eingöngu, þ.e. í sértækri merkingu, og *ég* virðast geta verið samvísandi.<sup>15</sup>

(28) **Maður**; er alltaf blankur þótt **ég**; vinni eins og þræll.

(Jóhannes Gísli Jónsson 1992:23)

<sup>14</sup> Við bendum hins vegar á umræðu hjá Cinque (1988:542 o.áfr.) og Egerland (2003: 82–84) um það hvernig tiltekin tímatilvísun getur haft áhrif á merkingu ópersónulegra fornafta eins og *si* í ítölsku og *man* í sænsku.

<sup>15</sup> Ritrýni þykir dæmi (28) nánast eins og mælandinn skipti um setningagerð í miðju kafi. Hann veltir hér fyrir sér möguleikanum á tilviljanakenndri samvísun (e. *accidental coreference*). Við teljum þann möguleika hæpinn í sumum þeim dæmum sem við höfum fundið og sýnum hér á eftir, svo sem (30d–e) og (31).

Hér virðist *maður* í móðursetningu geta verið samvísandi við 1. persónu fornafn undirskipaðrar setningar. Þetta eitt og sér bendir ekki endilega til fornafnseiginleika *maður*; til samanburðar getum við litið á setninguna í (29). Þar fer *María* á undan fornafninu *hún* og er þetta tvennt samvísandi. Þar með er ekki sagt að við viljum halda því fram að *María* sé fornafn heldur auðvitað einungis að *hún* sé fornafn.

(29) *María*<sub>i</sub> segir að *hún*<sub>i</sub> sé alltaf blönk.

Þá vaknar augljóslega sú spurning hvort hægt sé að fá samvísun eins og í (28) en þó þannig að fornafnið *ég* sé yfirskipað *maður*. Jóhannes Gísli Jónsson sýnir dæmin í (30a–b) en auk þess finnast fjölmörg raunveruleg dæmi á netinu um þetta, í (30c–e) eru þrjú slík dæmi sýnd:

- (30) a. *Ég*<sub>i</sub> er alltaf blankur þótt *maður*<sub>i</sub> vinni eins og þræll.  
(Jóhannes Gísli Jónsson 1992:23)
- b. *Ég*<sub>i</sub> vona að *maður*<sub>i</sub> verði ekki of seinn.  
(Jóhannes Gísli Jónsson 1992:23)
- c. ✓ *Ég* er bara að segja það að *maður* er á góðum aldri og þarf að starfa eitthvað ef *ég* fer að gera eitthvað.
- d. ✓ *Ég* játa að *maður* hefur kíkt á gamla leiki og skoðað hvað hann gerði okkur og hvernig
- e. ✓ *Ég* viðurkenni þó að *maður* fékk í magann þegar gosið í Vatnajökli byrjaði [...]

Í þessum dæmum er *ég* í yfirskipuðu setningunni og *maður* í undirskipuðu setningunni. Þarna virðist *maður* vísa eingöngu til sjálfs mælandans og *ég* og *maður* vera samvísandi. Þetta er hugsanlega einna skýrast í (30d–e) því að í yfirskipuðu setningunum eru sagnirnar *játa* og *viðurkenna* notaðar og eðlilegast að líta svo á að mælandinn viðurkenni eða játi eitthvað sem hann sjálfur hefur gert eða upplifað.<sup>16</sup>

Þá höfum við fundið dæmi þar sem *maður* veldur nokkuð óvænt 1. persónu samræmi á sögn í gegnum tengieyðingu, sjá (31) þar sem öll dæmin um 1. persónu samræmi á persónubeygðri sögn eru með *hafa* – ástæðan er sú að við leituðum sérstaklega að þessari sögn í Risamál-

<sup>16</sup> Í framhaldi af umræðunni um samvísun *ég* og *maður* má líka rífa upp dæmi (2d) sem hér er endurtekið sem (i). Í þessu dæmi virðist alveg skýrt að *maður* og *mig* séu samvísandi en þar segir landsliðsmaður í handbolta frá því í viðtali að hann hafi átt sér þann draum að spila með landsliðinu á stórmóti frá því hann var 10 ára.

(i) ✓ Frá því *maður* var 10 ára hefur *mig* dreymt um þetta [...]

heildinni í umhverfi með *maður* nokkrum orðum framar.<sup>17</sup> Tengieyðing „fellir niður frumlag úr tengdri setningu ef það er samvísandi við frumlag þeirrar setningar sem hún er tengd við“ (Höskuldur Þráinsson 2005:140).

- (31) a. ✓ Herra forseti. Tíminn er svo takmarkaður, **maður hefur** ekki tíma til að spyrja og hvað þá að svara, og **hef** skilning á því ef maður þarf að kveðja sér hljóðs margoft.
- b. ✓ **Maður er** reynslunni ríkari núna og **hef** unnið heimavinnuna aðeins betur.
- c. ✓ Á löngum ferli sem trillukarl í Vestmannaeyjum **lendir maður** oft í margs konar hremmingum og **hef** m.a. misst bát í hafið, en ætla nú ekki að segja þá sögu hér [...]
- d. ✓ Nú **er maður** farinn að slá af og **hef** því látið strandveiðarnar duga.

Í (31a), sem dæmi, stýrir *maður* 3. persónu samræmi á persónubeygðu sögninni í sömu setningu (*maður hefur*) en í samtengdu setningunni kemur 1. persóna á persónubeygðu sögninni (*og hef*). Hægt er að greina setningafræði tengieyðingar á mismunandi vegu. Ein leið er að segja að *maður* sé fellt niður í síðari setningunni en þá segðum við að *maður* stýrði 1. persónu samræmi. Önnur leið væri að segja að *ég* væri fellt niður í síðari setningunni; sé svo eru það afgerandi rök fyrir því að segja að *maður* og *ég* geti verið samvísandi.

Hins vegar má spyrja hvers vegna við notum *maður* í merkingu 1. persónu eintölu og hvaða munur sé á því og að nota einfaldlega persónuform nafnið *ég*. Það þarfnast frekari rannsóknna en við komum því ekki við hér nema að örlitlu leyti. Að minnsta kosti í sumum tilfellum virðist sértæka notkunin hafa möguleika á að ná til fleiri en bara mælandans þótt það sé ekki endilega augljóst við fyrstu sýn. Skoðum eftirfarandi dæmi:

- (32) ✓ Maður er einhvernveginn svo dofinn eða ég allavega [...]

Hér mætti túlka dæmið í (32) þannig að þar væri mælandinn eingöngu að fullyrða að hann sjálfur væri dofinn þegar hann segir *Maður er einhvern veginn svo dofinn*. En svo bætir hann við *eða ég allavega* og það gæti þá bent til þess að þessi sértæka notkun *maður* veiti a.m.k. þann möguleika að

<sup>17</sup> Þess má geta að hin röðin gengur alls ekki:

(i) \***Ég hef** ekki tíma til að spyrja og **hefur** skilning á því.



hún geti átt við um fleiri í sömu sporum. Þetta gæti þá passað við greiningu Moltmann sem minnst var á hér frammar.<sup>18</sup>

Í framhaldi af þessu má velja fyrir sér hvort munurinn á sértækri og almennri merkingu *maður* sé e.t.v. minni en virðist í fyrstu. Kannski gætum við sagt að fornafnið *maður* sé alltaf eitt og sama fornafnið en það sé bara mismunandi til hve margra það nær hverju sinni. Við getum þá kannski hugsað okkur að fornafnið *maður* kalli alltaf á notkun virkja (sbr. þann sem Jóhannes Gísli Jónsson 1992 ræðir um) eða breytuna *x* (sjá (25) hér fyrir ofan) en stundum þrengi samhengið svo að túlkuninni að mengið innihaldi bara mælandann. Þetta væri þá svipað og þegar samhengið stýrir menginu sem magnorðið *allir* nær til. Í sinni allra víðustu merkingu getum við sagt að *allir* vísi til allra í heiminum en ef við vitum að María hafi haldið veislu um síðustu helgi og erum forvitin um mætinguna getum við sagt: *Mættu allir?* Þá er ekki verið að spyrja hvort allir í heiminum hafi mætt heldur takmarkast mengið t.d. við þá sem var boðið í veisluna. Ef þremur var boðið og þessir þrír mættu þá getum við sagt að allir hafi mætt. *Maður* í almennri merkingu og *maður* í sértækri merkingu gætu þá verið eitt og sama fornafnið en samhengið stýrði því til hversu margra það næði hverju sinni. Einn möguleiki væri þá að segja að merking *maður* sé alltaf almenn en mengið misstórt hverju sinni og stundum útiloki samhengið alla aðra en sjálfan mælandann.

Umhverfi sem kallar fram langdræga afturbeygingu bendir hins vegar til að málið kunni að vera flóknara:

(33) a. Ef **maður<sub>i</sub>** óttast að **sér<sub>i</sub>** verði sagt upp ...

b. \***Maður<sub>i</sub>** óttast að **sér<sub>i</sub>** verði sagt upp.

(Jóhannes Gísli Jónsson 1992:22)

Við sjáum langdræga afturbeygingu í (33a) þar sem afturbeygingin á *sér* í frumlagssæti undirskipuðu setningarinnar stýrist af *maður* með almennri

<sup>18</sup> Jóhannes Gísli Jónsson (1992) veltir fyrir sér muninum á því að nota *ég* og *maður* í eftirfarandi setningum:

(i) a. *Ég* er búinn að vinna svo mikið að *ég* er alveg búinn.

b. **Maður** er búinn að vinna svo mikið að **maður** er alveg búinn.

(Jóhannes Gísli Jónsson 1992:15)

Um þetta segir hann: „It is my feeling as a native speaker that there is a very subtle difference between [(i-a)] and [(i-b)] in that [(i-b)] seems to invite the conclusion that if others had worked equally hard they would also be exhausted. In other words, [(i-b)] seems to be more “generic” than [(i-a)]“ (Jóhannes Gísli Jónsson 1992:15).

merkingu í skilyrðissetningunni. Dæmið í (33b) er síðan mjög svipað og í (33a) en þar er yfirskipaða setningin aðalsetning en ekki skilyrðissetning. Enn fremur er merking *maður* í (33b) sértæk og það virðist valda því að langdræg afturbeyging *sér* verði ótæk. Til að gera dæmið tækt þyrfti að nota *manni* (eða jafnvel *mér*) í stað *sér* í undirskipuðu setningunni: *Maður óttast að manni verði sagt upp*. Setningaparið í (33) gefur til kynna að munurinn á sértækri og almennri merkingu *maður* sé meiri en bara til hve margra mengið nær hverju sinni. Líklegt má þó telja að hér megi finna nokkurn breytileika milli málhafa.<sup>19</sup>

Við höfum rætt hér um að mælandinn sé innifalinn í notkun *maður* en höfum ekkert minnst á viðmælandann í því samhengi. Ímyndum okkur nú að lokum aðstæður þar sem sjötugur mælandi og þrítugur viðmælandi ræða á þriðja áratug 21. aldar um hvernig allt sé breytt og börn hafi aðgang að netinu öllum stundum í sínum og tölvum. Við þessar aðstæður verður setningin í (34) svolítið ankannaleg þegar *maður* er notað.

(34) Maður hafði nú varla heyrt um tölvur þegar maður var að alast upp.

Ástæðan er sú að með því að nota *maður* hér er eins og mælandi gangi út frá því að hann og viðmælandi hans eigi það sameiginlegt sem rætt er um, fullyrðingin eigi líka við um viðmælandann. Það stenst hins vegar varla ef við höfum í huga aldur viðmælandans. Þáttur viðmælanda í notkun *maður* þarfnast frekari skoðunar og hægt væri að skoða mun skýrari og fjölbreyttari dæmi en það sem sýnt er í (34). Þetta verður hins vegar ekki athugað hér – en sjá þó dæmi (40)–(41) í næsta undirkafla.

### 3.3 Fleiri dæmi um sértæka merkingu

Í dæmum um *maður* sem við höfum hingað til séð hefur *maður* málfræðileg einkenni eintölu og hefur sömuleiðis eintölumerkingu í þeim skilningi að aðstæðurnar sem er lýst eiga venjulega við einn í einu (eða einar aðstæður í einu) þótt þær geti passað við marga. Þó er fleirtölumerking stundum möguleg eins og sést í (35).

<sup>19</sup> Ásta Svavarsdóttir og Þórhallur Eypórsson eru t.a.m. ekki sannfærð um að sá munur sem Jóhannes Gísli lýsir í (33) sé fyrir hendi í sínu máli. Þórhallur telur t.a.m. að langdræg afturbeyging í (i) hér fyrir neðan sé tæk þar sem *maður* hafi merkingu 1. persónu.

(i) Ég vil ekki vera með uppsteyt á vinnustaðnum. **Maður** óttast/telur að **sér** verði þá sagt upp.

Þetta þarfnast augljóslega nánari skoðunar.

- (35) a. Já, maður er búinn að vera saman ansi lengi.  
(Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland 2009:163)
- b. ✓ Hún hafði sérstaklega góða nærveru og skipti þá engu hvort maður sæti saman í þögn eða á spjalli.
- c. ✓ Veiran getur einnig þrífist á yfirborði hluta og meðal annars í sængurfatnaði svo ef maður býr saman eru meiri líkur á smiti.
- d. ✓ Skil ekki alveg þetta pásufyrirbæri, annað hvort er maður saman eða ekki.
- e. ✓ Svo reyndar ef barnið vill tala um þetta eftir „hugsunartímann“ þá auðvita talar maður saman.

Hér bendir *saman* til fleirtölumerkingar jafnvel þótt *maður* sé að forminu til eintala sem stýrir jafnframt eintölusamræmi á persónubeygðri sögn, þ.e. notkun *saman* hlýtur að fela í sér fleiri en einn. Það gengur nefnilega ekki vel að nota *saman* með orðum sem vísa til einstaklings (sbr. #Ég er búinn að vera saman lengi) en þar er það ekki eintalan sem slík sem gerir það að verkum heldur eintölumerkingin – það gengur jú að nota *saman* með nafnorðinu *þar* í eintölu enda vísar það til tveggja:

- (36) ✓ Það er búð að vera saman síðan í mars 2017.

Þess má svo reyndar geta að dæmi finnast um að *maður* sé notað með orðinu *þar*:

- (37) a. ✓ Hvað er það sem er betra við að gifta sig réttarlega séð, ef maður er þar sem á börn saman, fasteign og allt það?  
b. ✓ Ef maður er þar þá deilir maður öllu.

Til viðbótar þessu eru dæmi (38)–(39) áhugaverð en þar er *hittast* og *hvor annar* notað; hvort tveggja hefur gagnverkandi merkingu. Fyrra dæmið felur í sér að tveir eða fleiri hittist en það síðara að tveir kynnist. Hér eru sem sagt tvö dæmi til viðbótar um að *maður* geti haft fleirtölumerkingu þótt að forminu til sé orðið í eintölu.

- (38) ✓ Já kannski maður hittist bara á fæðingardeildinni.  
(39) ✓ Gengum í gegnum mikið álag og við það kynnist maður hvort öðru á annan hátt.

Þá benda Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland (2009:164) á að *maður* í íslensku (og t.d. *man* í sænsku) geti vísað til viðmælanda í umönnunarmáli (e. *nurses*).

(40) Hvernig hefur maður það þá í dag?

(Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland 2009:164)

Viðmælandi er hér spurður um líðan sína – og jafnvel þótt mælandi noti hér *maður* vísar það ekki til hans sjálfs, öfugt við það sem við höfum séð hingað til. Annað dæmi um það er sýnt í (41) en þar er að auki fleirtalan notuð en venjulega er fornafnið *maður* að öðru leyti í eintölu.

(41) Hvernig hafa menn það í dag?

Rétt eins og í dæminu á undan er spurt um líðan viðmælandans (eða viðmælendanna). Hér vaknar auðvitað sú spurning hvort *menn* sé hér fornafn eða einfaldlega nafnorð (sem jafnframt er hrappur). Það mætti t.d. skoða með einhverjum þeirra prófa sem við beittum í 2. kafla. Hér má einnig benda á að Jóhannes Gísli Jónsson (1992:29, amgr. 9) tæpir á þeim möguleika að *menn* geti verið fornafn í dæmum eins og *Ef menn vilja, geta þeir skilað bókinni* þótt hann virðist ekki hafa mikla trú á því.

Að lokum má svo nefna notkun á *maður* sem tengist kannski einkum smábörnum – og jafnvel dýrum (en einskorðast ekki við þetta tvennt).

(42) ✓ Mikið er maður flottur og fallegur.

Þessi setning er sett fram sem ummæli við mynd af smábarni (dreng) og er skrifuð af öðrum en eiganda hennar. Hér virðist þannig vera sértæk merking þar sem *maður* vísar hvorki til mælanda né viðmælanda. Þó má velta fyrir sér hvort barnið sé hugsanlega ávarpað í einhverjum skilningi (og sé þá eins konar viðmælandi) – en það heyrir þó auðvitað ekki (eða les) setninguna. Í (43) er svo að finna svipaðar athugasemdir við myndir á netinu; athugasemdin í (43a) á við myndir af hamstri en athugasemdin í (43b) á við mynd af hundi.

(43) a. ✓ Er maður sætur eða er maður sætur?!

b. ✓ Rosalega er maður sæt

Við skoðum ekki frekar þessa sértæku merkingu *maður* sem vísar til 3. persónu. Ef rétt er að líta á öll tilfelli *maður* og *menn* í (40)–(43) sem dæmi um fornafnið *maður* þyrftum við að endurskoða þá hugmynd að fornafnið *maður* verði alltaf að geta náð til mælanda.

### 3.4 Stutt samantekt

Við höfum rætt hér um almenna og sértæka merkingu fornafnsins *maður*. Fornafnið verður venjulega að geta falið í sér mælandann en mismunandi er hve margra annarra til viðbótar það nær til, þ.e. hversu almenn notkunin er. Við veltum því fyrir okkur hvort hægt væri að greina þessar tvær merkingargerðir á sama hátt, þ.e. með einhvers konar almennum virkja eða breytu. Í almennri merkingu væri mengið sem *maður* nær til mjög vítt en þrengdist með sértækri merkingu.

Við skoðum næst eiginleika fornafnsins *maður* m.t.t. þess hvort það teljist vera hrappur.

## 4. Hrappar

Í þessum kafla ræðum við nokkuð almennt um hrappa. Í 5. kafla ræðum við svo um formgerð *maður*, m.a. út frá hugmyndinni um hrappa. Áður en lengra er haldið skulum við rifja upp lýsinguna á hröppum sem var sett fram í inngangi:

### (44) Lýsing á hröppum

Hrappur er nafnliður sem er túlkaður sem X. persóna en er að forminu til Y. persóna,  $X \neq Y$ . (Collins og Postal 2012:5)

Þessi lýsing virðist falla nokkuð vel að því sem við höfum sagt um sértæka merkingu *maður*, þ.e. þar sem það vísar eingöngu til mælandans. Það er þá túlkað sem 1. persóna en er að forminu til 3. persóna.

Í (4) í inngangi þessarar greinar sýndum við dæmi um notkun hrappanna *pabbi* og *kallinn*. Tvö önnur dæmi eru sýnd í (45), *þessi bloggari* og *höfundar þessarar greinar*.

- (45) a. ✓ Hann fer tvímælalaust á lista yfir bestu tónleika sem **þessi bloggari** hefur farið á [...]
- b. ✓ Í rúm tvö ár hafa **höfundar þessarar greinar** verið í hópi þeirra fjölmörgu sem nota samskiptavefinn Facebook [...]
- (Wood og Einar Freyr Sigurðsson 2014:201)

Þá dettur líklega ýmsum í hug það þegar sumt fólk talar um sjálft sig í 3. persónu með því að nota eiginnafn sitt í stað þess að segja *ég*. Dæmi um þetta er setning sem Richard Nixon sagði á fréttamannafundi árið 1962. Ef einhver annar en Nixon hefði sagt setninguna í (46) hefði auðvitað ekki verið um hrapp að ræða.

(46) You don't have **Nixon** to kick around any more.

(Collins og Postal 2012:1)

Með því að minnast á hrappa sem eru sérnöfn erum við ekki að segja að þeir hafi sömu setningafræðilegu eiginleika og fornafnið *maður* (eða aðrir hrappar, svo sem *þessi bloggari*) með merkingu 1. persónu – við komumst einmitt að þeirri niðurstöðu í kafla 4.2 að ekki séu allir hrappar fornöfn. Það greinir *maður* frá mörgum öðrum hröppum.

#### 4.1 Eiginleikar hrappa

Það er síður en svo sjálfgefið að 1. persónu merking nafnliðar sem er að forminu til 3. persóna – sbr. fornafnið *maður* – hafi nokkuð sérstakt að gera með setningafræðilega formgerð; við gætum allt eins sagt að slíkt „misræmi“ bæri að skýra með öðrum hætti, svo sem merkingarfræði eða aðstæðufræði (e. *pragmatics*). Collins og Postal (2012) ræða þetta nokkuð ítarlega og benda á að almennt hafi málfræðingar einmitt hallast að því. Þeir færa aftur á móti rök fyrir því að best sé að gera grein fyrir hröppum setningafræðilega.

Samkvæmt greiningu Collins og Postals þurfa fornöfn undanfara þegar þau eru notuð. Slíkir undanfarar eru hins vegar mjög oft ósagðir (eða ósýnilegir). Greining þeirra felur í sér að í setningu eins og *Ég er kennari* sé ósagður undanfari fornafnsins *ég* sem Collins og Postal kalla *AUTHOR* (hástafir eru notaðir til að sýna að þetta er ósagður undanfari) en við tölum hér um *MÆLANDA*. Í setningunni *Þú ert nemandi* er svo undanfari fornafnsins *þú* og hann kalla þeir *ADDRESSEE* en við tölum hér um *VIÐMÆLANDA*. Bæði *MÆLANDI* og *VIÐMÆLANDI* eru nafnliðir í meðförum Collins og Postals.

(47) a. *MÆLANDI* ← *Ég er kennari*.

b. *VIÐMÆLANDI* ← *Þú ert nemandi*.

Við förum svipaða leið og þeir Collins og Postal en í stað þess að gera ráð fyrir eiginlegum nafnlið sem undanfara fylgjum við hugmyndum Halldórs Ármanns Sigurðssonar (2004a, 2004b, 2010, 2011, 2014) um samhengistengla á jaðri setninga (í svokölluðum tengilið, e. *Complementizer Phrase, CP*). Ósagðir samhengistenglar nýtast vel þegar gera skal grein fyrir misræmi milli þess sem vísað er til og málfræðilegra eiginleika þess. Samhengistengill 1. persónu er innbyggður *MÆLANDI* og samhengistengill 2. persónu er innbyggður *VIÐMÆLANDI*.<sup>20</sup> Við sýnum í (48a)

<sup>20</sup> Halldór Ármann Sigurðsson (t.d. 2011, 2014) gerir almennt aðeins ráð fyrir sam-

hvernig persónufornafnið *ég* tengist MÆLANDA, þar sem bæði *ég* og MÆLANDI hafa þættina 1.et. (við sleppum því í þessu dæmi að sýna þátt kyns).

(48) a. MÆLANDI<sub>1.et.</sub> Ég<sub>1.et.</sub> er kennari.

b. VIÐMÆLANDI<sub>2.et.</sub> Þú<sub>2.et.</sub> ert kennari.

Þegar svo t.d. faðir talar við barn sitt og vísar til sjálfs sín sem *pabbi*, sjá (49), tengist *pabbi* samhengistengli MÆLANDA með þættina 1.et.kk. (49) líkist dæmi (48a) en hins vegar er hér misræmi í þáttum milli MÆLANDA (1. persóna) og frumlagsins *pabbi* (3. persóna) og það er einkenni hrappa. *Pabbi* hefur sína eigin þætti, 3.et.kk., og því fær orðið ekki þáttagildi frá MÆLANDA en hins vegar sjáum við hér rétt á eftir dæmi um það að persónubeygðar sagnir fái þáttagildi frá samhengistengli. Í (49) sýnum við hvernig *pabbi* tengist innbyggðum MÆLANDA; setningin hefur líka innbyggðan VIÐMÆLANDA en þar eð hann tengist engum lið í setningunni sleppum við því að sýna hann á jaðri hennar.

(49) MÆLANDI<sub>1.et.kk.</sub> Pabbi<sub>3.et.kk.</sub> þarf að vinna.

Ummerki um persónuþætti *pabbi* sjást skýrt í (50) þar sem persónubeygða sögnin fær þætti 3. persónu eintölu og afturbeygða fornafnið þátt 3. persónu.

(50) MÆLANDI<sub>1.et.kk.</sub> Pabbi<sub>3.et.kk.</sub> ætlar<sub>3.et.</sub> að hvíla sig<sub>3.</sub>

Aftur á móti hafa samhengistenglar stundum áhrif á samræmi í setningu sem inniheldur hrapp, svo sem við persónubeygðar sagnir. Wood og Einar Freyr Sigurðsson (2014) ræða um lýsingarháttinn eða lýsingarorðið *undirritaður* sem hrapp. *Undirritaður* stýrir oftast 3. persónu samræmi en 1. persónu samræmi sést einnig, einkum þegar orðið er notað í fleirtölu:<sup>21</sup>

hengistenglum 1. og 2. persónu en Einar Freyr Sigurðsson (2017a) gerir hins vegar einnig ráð fyrir samhengistenglum 3. persónu.

<sup>21</sup> Eins ræða þeir Wood og Einar (2014) um nafnliðinn *sá sem hér stendur* – hann er að forminu 3. persóna, með höfuðorði sem er ábendingarfornafnið *sá*, en vísar til mælandans. Þeir sýna eftirfarandi dæmi þar sem samtengdur liður sem inniheldur *sá sem hér stendur* stýrir 1. persónu samræmi.

(i) ✓ Þrír þingmenn úr þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv.

- (51) a. ✓ Í álitinu segir orðrétt: „**Undirritaðir höfum** að beiðni STEFs borið saman viðlagskafla ofanskráðra laga með tilliti til hugsanlegs innbyrðis skyldleika. [...]“
- b. ✓ „**Undirrituð fögnum** því að fyrirtæki í Stykkishólmi skuli vera lægstbjóðandi [...]“ segir í bókuninni [...]

(52) MÆLANDI<sub>1.ft.hk.</sub> Undirrituð<sub>3.ft.hk.</sub> fögnum<sub>1.ft.</sub> ...

Í (52) sýnum við að samhengistengill 1. persónu tengist *undirrituð* annars vegar og *fögnum* hins vegar í (51b) en ekkert beint samræmissamband er milli *undirrituð* og *fögnum*. Fleiri og fjölbreyttari dæmi og frekari umræðu um notkun hrappsins *undirritaður*, sem og áhrif fleirtölu á samræmi í setningum sem innihalda hrappa, er að finna hjá Wood og Einari Frey Sigurðssyni (2014).

Við höfum séð að það eru ákveðin líkindi með hröppum og fornöfnum m.t.t. samhengistengla 1. og 2. persónu en það er ekki þar með sagt að hrappar séu alltaf fornöfn.<sup>22</sup> Við skoðum þetta í næsta undirkafla.

#### 4.2 Maður *andspænis* öðrum hröppum

Jafnvel þegar merking *maður* er sú að það vísi eingöngu til mælandans eru formleg einkenni fornafnsins venjulega 3. persóna eintala en ekki 1. persóna eintala. Þetta sjáum við í dæmum þar sem er a.m.k. hægt að túlka *maður* þannig að það vísi eingöngu til mælandans en þrátt fyrir það er fornafnið sem vísar aftur til *maður* ekki *mig/mér* heldur *sig/sér*, sjá (53); við ræðum aðeins um samræmi við persónubeygða sögn og sagnfyllingu í kafla 4.4.

- (53) a. ✓ Óskiljanlegt af hverju **maður** dreif **sig** ekki til London til að sjá þetta lið spila
- b. ✓ **Maður** flýtti **sér** t.d. heim úr bænum til að fara heim að horfa á Nágranna.

þm. Kolbrún Halldórsdóttir, hv. þm. Þuríður Backman og sá sem hér stendur, **höfum** lagt fram þáttill. sem hljómar á þessa lund [...]

<sup>22</sup> Í greiningu Collins og Postals (2012) er gert ráð fyrir talsvert flókinni formgerð þar sem nafnliðurinn sem inniheldur hrapp inniheldur einnig persónufornafn. Undanfari bæði hrappsins og fornafnsins er svo MÆLANDI eða VIÐMÆLANDI. Við látum þennan þátt greiningar Collins og Postals liggja milli hluta í þessari grein.



Þetta passar nokkuð vel við lýsinguna á hröppum sem var sett fram í inn-gangi og upphafi 4. kafla: Hrappur er nafnliður sem er túlkaður sem til-tekinn persóna en er að forminu til einhver önnur persóna. Ef við máttum þessa lýsingu við fornafnið *maður* getum við sagt að það sé að forminu til 3. persóna en vísi a.m.k. til mælanda, hvort sem hann er hluti stærra mengis eða ekki – þ.e. fornafnið er túlkað sem 1. persóna.

Eins og við sáum í kafla 4.1 geta hrappar stundum stuðlað að 1. persónu samræmi þegar þeir eru formlega 3. persóna en vísa þó til mælandans. Við höfum líka bent á dæmi þar sem *maður* veldur 1. persónu samræmi á persónubeygðri sögn í gegnum tengieyðingu, sjá (31). Við kynnum að bregðast við þessu með því að segja að þetta hljóti þá allt saman að vera í grunninn 1. persónu fornöfn. Hins vegar hafa hrappar missterk fornafnseinkenni. Ef við föllumst á að við getum túlkað fornafnið *maður* sem hrapp er forvitnilegt að bera það saman við aðra hrappa og athuga hvort þeir hafi sömu fornafnseiginleika. Í 2. kafla skoðuðum við fornafnseiginleika *maður*. Við sáum að hægt er að endurtaka *maður* án þess að setning verði við það skritin eða ótæk rétt eins og hægt er að gera við persónufornöfn á borð við *hann*. Út frá bindilögmálum B og C sjáum við að *maður* er fornafn en aftur á móti hegða hrappar eins og *pabbi* eða *undirritaður* sér eins og vísiliðir (sjá til samanburðar dæmi (10)–(15); (15b) er endurtekið sem (54a)).

- (54) a. **Manni**; fannst **maður**; vera að gera eitthvað rétt.  
 b. **\*Pabba**; finnst **pabbi**; vera að gera eitthvað rétt.  
 c. **\*Undirrituðum**; finnst **undirritaðir**; vera að gera eitthvað rétt.

Við getum einnig skoðað þessa hrappa í eignarsamböndum sem framkalla Ólafsfjarðareignarfallið svokallaða (sjá umfjöllun í kafla 2.4). Í máli þeirra sem hafa ekki Ólafsfjarðareignarfallið eru feitletruðu nafnliðirnir í (55b–c) ótækir (í b-dæminu á *pabba* að vísa til sjálfs mælanda), eða a.m.k. allt að því, en þar gengur aftur á móti að nota *maður* enda er það fornafn (sbr. *billinn hennar*, *billinn þinn*). Við drögum þá ályktun af þessu að hrapparnir *pabbi* og *undirritaður* séu ekki fornöfn.

- (55) a. **Bíllinn manns** er alltaf að bila.  
 b. **\*Bíllinn pabba** er alltaf að bila.  
 c. **\*Bíllinn undirritaðra** er alltaf að bila.

Þess má svo geta að á undanförnum árum hefur færst nokkuð í vöxt að konur noti ekki fornafnið *maður* þegar þær vísa til sjálfra sín heldur noti *kona* í sömu eða svipaðri merkingu.

(56) a. **Maður** spyr sig.

b. **Kona** spyr sig. (Einar Freyr Sigurðsson 2012:94, nmgr. 47)

*Kona* virðist vera hrappur (mælandi notar 3. persónu til að vísa til sjálfs sín) en spyrja má hvort *kona* sé jafnframt fornafn (og eins mætti spyrja hvort *man* í setningum eins og *Man spyr sig* sé fornafn). Eftir því sem við best vitum hegðar *kona* sér eins og *pabbi* og *undirritaður* í dæmunum hér að ofan en þó gæti vel verið að þetta sé breytilegt milli málhafa – og slíkt mætti vitaskuld rannsaka.

(57) a. \***Konu<sub>i</sub>** finnst **kona<sub>i</sub>** vera að gera eitthvað rétt.

b. \***Bíllinn konu** er alltaf að bila.

Þetta kann þá að benda til þess að *kona* sé aðeins hrappur en ekki fornafn. Fróðlegt væri að rannsaka fleiri hrappa m.t.t. þeirrar spurningar hvort þeir hafi einkenni fornafna. Ritrýnir telur t.d. að setningin í (10a), \***Ólafur<sub>i</sub>** veit vel að **Ólafur<sub>i</sub>** verður að ná árangri, væri tæk ef *Ólafur* væri hrappur, þ.e. mælandinn væri *Ólafur* og notaði eiginnafn sitt í stað *ég*. Sé það rétt hjá ritrýninum væri það vísbending um að sérnafnshrappar hefðu einkenni fornafna.

Niðurstaðan af þessum dæmum sem við höfum skoðað í þessum undirkafla er þá sú að ekki séu allir hrappar fornöfn.

### 4.3 Fornöfn sem villa á sér heimildir

Eins og kom fram hér á undan eru hrappar ekki alltaf fornöfn. Þeir geta hins vegar verið það og *maður* er einmitt dæmi um það. Við ræðum hér notkun fleiri fornafna sem hægt væri að fella undir hrappahugtakið.

#### 4.3.1 Við sem hrappur

Collins og Postal (2012) ræða m.a. um persónufornafnið *we* í umönnunarmáli (e. *nurses*; sjá einnig kafla 3.3 þar sem minnst var á *maður* í umönnunarmáli) þar sem fornafn 1. persónu fleirtölu er notað til að vísa til viðmælanda. Dæmi þeirra er í (58a) en við sýnum svipað íslenskt dæmi í (58b).

(58) a. Are we feeling better today? (Collins og Postal 2012:34)

b. Hvernig líður okkur í dag, María mín?

Samhengið sem Collins og Postal gefa er að þarna tali hjúkrunarfræðingur við stakan sjúkling og spyrji hann um líðan hans með fornafni 1. per-

sónu fleirtölu – sem þeir kalla *nurse we*. Hér væri þá um að ræða hrapp sem er að forminu til 1. persóna fleirtala en merkingarlega 2. persóna eintala.

Í þessu sambandi mætti einnig athuga það þegar karlkynsþjálfarar kvennaliða í íþróttum nota kvenkynssamræmi þegar þeir tala um liðið með fornafni 1. persónu fleirtölu (sjá umræðu hjá Guðbjörgu Elínu Ragnarsdóttur 2014, sbr. einnig Halldór Ármann Sigurðsson 2017).

- (59) a. ✓ Við vorum þínu **spenntar** í byrjun [...]  
 b. ✓ Við vorum náttúrulega **komnar** í mjög vonða stöðu.  
 c. ✓ Við vorum **yfirspilaðar** síðustu 20 mínúturnar í fyrri hálfleik [...]  
 (Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir 2014:37, 44, 49)

Hér mætti búast við hvorugkyni fleirtölu á sagnfyllingunni úr því að þjálfarinn í öllum dæmunum er karl og leikmennirnir konur. Hins vegar eiga sagnfyllingarnar í dæmunum hugsanlega eingöngu við um leikmennina; í c-dæminu eru það væntanlega leikmennirnir sem eru yfirspilaðir en ekki þjálfarinn. Með þetta í huga er hægt að gera grein fyrir þessari notkun með samhengistenglum eins og gert er hér fyrir neðan.

(60) 3. PERSÓNA<sub>3.ft.kvk.</sub> Við<sub>1.ft.</sub> vorum<sub>1.ft.</sub> yfirspilaðar<sub>ft.kvk.</sub>

Þessi hrappur er þó öðruvísi en þeir sem við höfum greint í þessum kafla þar sem nafnliðurinn *við* tengist hvorki samhengistengli MÆLANDA né VIÐMÆLANDA heldur því sem við köllum einfaldlega 3. PERSÓNU. Persónubeygða sögnin fær þáttagildi sín beint frá fornafninu en sagnfyllingin frá samhengistenglinum.

Gera má grein fyrir setningafræði fornafnshrappa eins og *við* hér fyrir ofan með samhengistenglum en til að átta sig almennilega á notkuninni þyrfti auðvitað að skoða mun fleira. Varla er öll sagan sögð með því að tengja *við* við samhengistengil 3. PERSÓNU. Eftir standa spurningar á borð við hver geti notað *við* í svona samhengi – það hlýtur alltaf að vera einhver sem tengist liðinu á einhvern hátt. Ef karlþjálfari segði *Við vorum ósáttar við dómgaðsluna* (frekar en *Við vorum ósátt við dómgaðsluna*), væri hann þá virkilega bara að segja að leikmennirnir hafi verið ósáttir? Ef hann væri líka að lýsa sinni eigin afstöðu hlýtur samspilið við samhengistengla að vera svolítið flóknara en hér er lýst en við förum ekki út í þá sálma hér.

## 4.3.2 Afturbeygt fornafn sem hrappur?

Við nefnum hér svo annað atriði sem kann að vera dæmi um fornafns-hrapp í íslensku. Það virðist fyrst og fremst koma fyrir þegar fullorðnir beina máli sínu að börnum (e. *child-directed speech, motherese*) sem er gjarnan öðruvísi en mál þessara sömu málhafa við aðrar aðstæður; sem dæmi eru setningarnar oft styttri en þegar fullorðnir tala sín á milli (Brown og Bellugi 1964). Ýmis önnur setningafræðileg atriði geta einnig verið öðruvísi, sbr. (61).

## (61) Meiddi sig?

Þessa notkun hefur fyrri höfundur þessarar greinar orðið var við þegar talað er við smábörn. Ef fullorðinn málhafi væri spurður þessarar spurningar gæti hann tekið því sem móðgun. Mögulegar aðstæður þar sem þetta er notað geta verið þær að fullorðinn málhafi ætlar að hugga smábarn sem grætur og spyr hvort það hafi meitt sig. Í stað þess að 2. persónu fornöfn séu notuð, *Meiddirðu þig?*, eða nafn barnsins notað sem hrappur ásamt afturbeygðu fornafni, t.d. *Meiddi Gunna sig?*, er ekkert sýnilegt frumlag í (61), heldur einungis sögn í þátíð 3. persónu og afturbeygt fornafn 3. persónu, *sig*.<sup>23</sup> Þessa notkun *sig* mætti greina sem hrapp – formið er 3. persóna en samhengistengillinn hefur þætti 2. persónu eintölu. *Sig* fær þó ekki þáttagildi sín frá samhengistenglinum úr því að það hefur ekki þátt 2. persónu. Við gætum hugsanlega greint *sig* þannig að það tengist VIÐMÆLANDA en fái engu að síður sjálfgefna þætti 3. persónu. Annar möguleiki væri að *sig* væri ekki hrappur heldur væri hér ósýnilegt frumlag, eiginnafn barnsins, og það stýrði 3. persónu samræmi. Þá væri ósýnilegt sérnafnið hrappur. Sú greining hefði þann kost í för með sér að auðveldara væri en ella að útskýra hvers vegna setningar eins og (61) – sem eru mjög óvenjulegar án sýnilegs frumlags – eru tækar í máli sem beinist að börnum.

Í dæmunum í (62) kemur svo fyrir önnur setningagerð með notkun afturbeygðra fornafna sem mætti mögulega setja í flokk fornafnshrappa. Þannig er að fullorðnir ávarpa stundum ungabörn og smábörn með ann-

<sup>23</sup> Þess má geta hér í framhjáhlaupi að þetta minnir að nokkru leyti á nafnháttarsetningar eins og (i-a) sem eru tækar í óformlegu málsniði, jafnt í máli sem beinist að börnum sem fullorðnum.

- (i)a. Drífa sig!
- b. \*Drífa þig!

arrar persónu fornafni, þú, og afturbeygðu fornafni 3. persónu. Í (62) eru ýmis dæmi úr máli þriggja fullorðinna sem beinist að samtals þremur börnum. Þetta eru allt dæmi sem við höfum heyrt og skráð hjá okkur.<sup>24</sup>

- (62) a. ✓ Ertu svona ah við þabba sinn? (karl 1)  
 b. ✓ Er þér kalt á kinninni sinni? (kona 1)  
 c. ✓ Ertu ekki falletur við þabba sinn? (kona 1)  
 d. ✓ Ertu að reyna að ná í tásu sína? (kona 1)  
 e. ✓ Viltu pelann sinn? (kona 1)  
 f. ✓ Ert þú að hjálpa mömmu sinni? (kona 1)  
 g. ✓ Ah hvað þú ert góð við ömmu sína. (kona 1)  
 h. ✓ Ertu að kúra hjá afa sínum? (kona 1)  
 i. ✓ Ertu góður við Beggu sína?<sup>25</sup> (kona 2)

Notkun afturbeygðra eignarfornafna 3. persónu í dæmunum hér fyrir ofan er óvænt því að við byggjumst við samræmi við 2. persónu fornafnið í frumlagssætinu.<sup>26</sup> Út frá hugmyndinni um hrappa og samhengistengla er þetta sömuleiðis óvænt því samhengistengillinn ætti, rétt eins og frumlagið í setningunum, að hafa þætti 2. persónu eintölu. Við förum ekki djúpt í þessa umræðu hér og ýmsir greiningarmöguleikar kæmu til greina. Við veltum t.a.m. því fyrir okkur hvort mætti tengja þessa notkun við dæmi eins og *Meiddi sig?* í (61); við gætum þannig séð fyrir okkur að sjálfgefnir þættir skjóti hér upp kollinum þrátt fyrir að afturbeygða fornafnið

<sup>24</sup> Þótt í flestum tilfellum virðist þessi notkun beinast að börnum má einnig finna dæmi um að hinn ávarpaði sé hundur. Í einum þættinum um Andra á flandri fer umsjónarmaðurinn Andri Freyr Viðarsson með hundinn sinn Tómas á hundasýningu. Þar er svo stutt afkvæmi Tómasar. Þegar Andri og Tómas ganga að afkvæminu er það að horfa í aðra átt og þá beinir Andri spurninguni í (i) að því:

(i) ✓ Viltu ekki sjá þabba sinn? (Andri á flandri, sjónvarpsþáttur frá árinu 2011)

Það að Andri segi *sinn* en ekki *þinn* hefur svolítið skondinn blæ yfir sér, svona rétt eins og hann væri að tala við smábarn.

<sup>25</sup> Hér vísar mælandi til sjálfs sín með eigin nafni sinu; við höfum breytt nafni mælendans í Beggu.

<sup>26</sup> Athyglisvert er að öll dæmin í (62) eru spurningar fyrir utan upphrópunarsetninguna í (62g) en eins og ritrýnir bendir á eiga slíkar setningar margt sameiginlegt með spurningum. Ritrýnir segist hafa tilfinningu fyrir því að þetta sé útilokað í fullyrðingarsetningum (sbr. *Þú atlar að kúra hjá afa sínum í kvöld* sem hann merkir með stjörnu) þótt hann gæti sjálfur að vísu varla sagt neina af setningunum í (62). Þó er (63b) fullyrðingarsetning en þar er setningagerðin með afturbeygða fornafninu reyndar ekki sú sama og í (62) að því leyti að þar er ekkert sýnilegt frumlag.

tengist hugsanlega beint samhengistengli VIÐMÆLANDA.<sup>27</sup> Það er þó auðvitað augljós munur á dæmunum í (61) og (62) sem felst í því að í (61) er enginn sýnilegur undanfari *síg* og þar er afturbeygt persónufornafn en í (62) er 2. persónu undanfari afturbeygðs eignarfornafns. Ef við svo viljum gera ráð fyrir að í (61) sé ósýnilegur sérnafnshrappur getum við hugsað okkur að sams konar sérnafnshrappur sé ósýnilegur í (62) þrátt fyrir 2. persónu frumlagið. Ritrýnir veltir fyrir sér í þessu samhengi hvort þetta sé einhvers konar millistig í máli sem beinist að börnum sem stafi af því að stundum eru notuð nöfn í ávarpi við lítil börn í stað fornafrna, sbr. *Er Gunna svona ah við þabba sinn?* – og á því stigi gæti Gunna líka mögulega sagt um sjálfa sig *Gunna á!* frekar en *Ég á!* Við þökkum ritrýni fyrir þessar vangaveltur.

Afturbeygt eignarfornafn skýtur svo einnig upp kollinum í dæmum án sýnilegs undanfara, eins og við sýnum í (63).

- (63) a. ✓ Er fast á puttanum sínum? (kona 1)  
 b. ✓ Já, það er svolítið bræla hér eftir ömmu sína. (kona 1)

Hugsanlega má skýra setningagerðirnar í (61)–(63) á einn og sama hátt, svo sem þannig að afturbeygt fornafrn sé hrappur eða með ósýnilegum sérnafnshrappi. Slíkt þarfnast þó mun nánari skoðunar.

Einnig mætti huga að ýmsum öðrum hugsanlegum fornafrnshróppum í fleiri setningagerðum en hér hafa verið ræddar, svo sem *þú* sem er vikið mjög stuttlega að í lok 5. kafla.

#### 4.4 *Hrappurinn maður*

Fornafrnið *maður* hefur þáttagildin 3. persóna, eintala og karlkyn. Jafnvel þegar undanfarinn eða samhengistengillinn er ekki karlkyns er karlkyns-samræmi oftast notað og eins er 3. persónu samræmi venjulega einnig notað, jafnvel þótt undanfarinn sé 1. persóna.

- (64) a. ✓ Ég játa að **maður hefur** kíkt á gamla leiki [...]  
 b. ✓ Það er eitthvað sem maður heyrði nóg af þegar **maður** var **óléttur**.

Við ræddum að framan um dæmið í (30d) sem hér er endurtekið að hluta sem (64a). Hér virðist *maður* vera samvísandi við fornafrnið *ég*. Engu að síður stýrir *maður* 3. persónu samræmi á persónubeygðu sögninni.

<sup>27</sup> Einnig væri hægt að fara nánar í saumana á persónufornafninu *þú* í þessum dæmum og athuga hvort greina megi það sem hrapp.

Í (64b) er mælandinn kona og setningin, þar sem notuð er þátíð, virðist vísa til hennar persónulegu reynslu eingöngu. Þetta er þá dæmi um sér-tæka merkingu *maður* sem tengist samhengistengli með þættina 1.et.kvk. Engu að síður er lýsingarorðið *óléttur* í karlkyni – þann þátt fær orðið frá *maður*. Við skoðum þetta í (65) þar sem við gerum ráð fyrir að *var* hafi þáttagildin 3.et. frekar en 1.et.:

(65) MÆLANDI<sub>1.et.kvk.</sub> ... maður<sub>3.et.kk.</sub> var<sub>3.et.</sub> óléttur<sub>et.kk.</sub>

Hins vegar eru ýmis dæmi um það að ef mælandi er kona stýri *maður* ekki karlkynssamræmi á sagnfyllingu heldur sé notað kvenkyn (sbr. einnig dæmið í (43b)). Við sýnum hér fyrir neðan nokkur dæmi um að sagnfyllingunni *óléttur* með fornafninu *maður* sé í kvenkyni.

- (66) a. ✓ Las svo líka á prufunni að ef það kemur minnsta lína þá er maður ólétt.  
 b. ✓ Hversu snemma er hægt að vita að maður sé ólétt?  
 c. ✓ Maður á eftir að hugsa þetta vel þegar maður verður aftur ólétt og allt gengur upp!  
 d. ✓ Getur maður orðið ólétt þó ég sé ekki á egglostímabili?  
 e. ✓ Er hægt að finna einhverja vinnu þegar maður er ólétt eða vill enginn fá mann?

Ef við ímyndum okkur nú að í (64b) hefði staðið *þegar maður var ólétt* myndum við gera ráð fyrir að kyn samhengistengilsins stýrði kvenkynssamræmi og kæmi þar með í veg fyrir að karlkynið á *maður* stýrði karlkynssamræmi.

Það er þannig athyglisvert að kynið getur verið „merkingarlegt“ jafnvel þótt það komi oftast ekki til greina að láta persónusamræmi stýrast af samhengistengli – sbr. (66d) ✓ *þegar maður verður aftur ólétt* sem við sýnum í (67):

(67) MÆLANDI<sub>1.et.kvk.</sub> ... maður<sub>3.et.kk.</sub> verður<sub>3.et.</sub> aftur ólétt<sub>et.kvk.</sub>

Þannig gengur ekki, a.m.k. að mati fyrri höfundar greinarinnar, að með *maður* standi persónubeygð sögn í 1. persónu (svo sem *Maður hef/reyni/*

*ætla ...*)<sup>28</sup> en lýsingarorð sem stendur með fornafninu getur hins vegar verið í öðru kyni en karlkyni (sbr. *Maður verður ólétt*). Þetta þýðir þá að *maður* stýri alltaf eða nær alltaf 3. persónu samræmi á persónubeygðri sögn en aðeins stundum karlkyni á sagnfyllingum. Það er þó ekki þannig að samhengistenglar geti aldrei stýrt samræmi á persónubeygðri sögn – við sáum það t.d. í dæmum með *undirritaður* fyrir ofan.

Svipað er upp á teningnum þegar samhengistengillinn er 1. persóna fleirtölu. Jafnvel þegar t.d. orðið *saman* er notað í tengslum við *maður* – sem er til marks um fleirtölu á samhengistengli – er persónubeygða sögnin í eintölu. Í langflestum tilfellum eru sagnfyllingar einnig í eintölu en þó geta verið undantekningar á því, eins og sjá má í (68). Í (68a,b) túlkum við *nýhætt* og *byrjuð* sem hvorugkyn fleirtölu en ekki kvenkyn eintölu.

- (68) a. ✓ Ég skil ykkur bæði, það erfitt að hitta sýna fyrverandi þegar **maður er ný hætt saman** og fá ekki þessa tilfinningu að vilja bara vera með henni, kúra með henni og já ríða.
- b. ✓ nei nei nei nei nei, **maður er ekki byrjuð saman** eftir fyrsta kossinn, langt langt langt því frá.
- c. ✓ Stundum fer manni að leiðast smá þegar **maður er alltaf bara tvö saman**.
- d. ✓ persónulegt mat: ef **maður er fjórir saman** að gefa manneskju sem er ekki einu sinni vinur afmógjöf, er meira en 5000 FÁRÁNLEG OFNEYSLA.

Það er þó ekki þannig að það sé bara hvenær sem er hægt að nota fleirtölu á sagnfyllingum sem standa í sambandi við *maður* svo lengi sem samhengistengillinn hafi fleirtölupátt. Egerland (2003:78) ber sænsku og íslensku

<sup>28</sup> Þess skal þó getið að svona dæmi finnast vissulega við leit, svo sem í Risamálheildinni, og mjög áhugavert væri að rannsaka þetta betur. Við sýnum eitt slíkt dæmi í (i). Þar gæti *hef* verið ónákvæmur innsláttur enda er fornafnið í andlagsstöðu *brenna* (og *flyta*) í 3. persónu en ekki 1. persónu eins og við gætum kannski búist við úr því að persónubeygða sögnin hefur form 1. persónu. Þetta dæmi þykir fyrri höfundi greinarinnar málfræðilega ótækt.

(i) ✓ **Maður hef brennt sig** of oft áður með því að flyta sér of mikið

Þó höfum við auðvitað séð dæmi um það að uppruni þáttagilda persónubeygðrar sagnar geti verið annar en hjá sagnfyllingum (en hér erum við með andlag, ekki sagnfyllingu). Það hefur að vísu þá verið þannig að sagnfyllingin fái gildi sín frá samhengistengli en persónubeygð sögn frá *maður* (sbr. (67)). Í (i) væri þessu öfugt farið, *hef* fengi þá þáttagildi 1. persónu frá samhengistengli en andlagið 3. persónu frá *maður*.



saman að þessu leyti og sýnir m.a. eftirfarandi dæmi þar sem auðveldara er að nota fleirtölu í sænsku (*övertygad* er eintalan af ‘sannfærður’ en *övertygade* fleirtalan; þess skal getið að sænska gerir ekki greinarmun á kynjum í fleirtölu lýsingarorða og lýsingarháttanna og í eintölu er ekki gerður greinarmunur á karlkyni og kvenkyni í sterkri beygingu heldur á samkyni og hvorugkyni).

- (69) a. Trots bevisföringen var **man** inte helt **övertygad/övertygade** om hans skuld.  
 b. Þrátt fyrir sannanirnar var **maður** ekki alveg **sannfærður/\*sannfærðir** um sekt hans. (Egerland 2003:78)

Því verður hins vegar ekki komið við í þessari grein að rannsaka hvenær þetta er mögulegt og hvers vegna kyn getur frekar verið merkingarlegt á sagnfyllingum (sbr. *Maður er ólétt*) með *maður* að því er virðist en tala. Hér mætti t.d. einnig skoða notkun kvenkynsins víðar en í sagnfyllingum, svo sem *sjálf* með *maður* í dæmum eins og eftirfarandi:

- (70) a. ✓ [...] þetta hefur auðvitað áhrif á **mann** þótt **maður** vilji ekki viðurkenna það fyrir **sjálfri** sér  
 (Ragnhildur Ósk Sævarsdóttir 2021:28)  
 b. ✓ og sérstaklega ef **maður** er ekki **sjálf** að standa sig.

Við höfum ekki heldur tók á að ræða hvers vegna samhengistenglar geta mun síður stuðlað að merkingarlegu samræmi á persónubeygðum sögnum en á sagnfyllingum (sbr. ✓ *maður er ekki byrjuð saman eftir fyrsta kossinn*).

#### 4.5 Stutt samantekt

Við höfum séð ýmsar gerðir hrappa í þessum kafla og séð dæmi um að þar sem þættir ósagðra samhengistengla (innbyggðra þátttakenda) og nafnliða stangast á geti samræmi stýrst af samhengistenglum. Venjulega stýrir fornafníð *maður* samræmi sem samsvarar þáttum þess en ekki samhengistengils MÆLANDA (✓ *Maður* (3.et.kk.) *áttar* (3.et.) *síg* (3) *ekki alveg á því hvar þetta endar*; sjá einnig t.d. (6d) ✓ *Telst með þau málverk sem maður* (3.et.kk.) *sjálfur og börnin* (3.ft.hk.) *gera* (3.ft.)?) en við höfum þó séð dæmi þar sem sagnfyllingar stýrast af þáttum samhengistengils: (68b) ✓ *maður* (3.et.kk.) *er* (et.) *ekki byrjuð* (hk.ft.) *saman eftir fyrsta kossinn*, (66d) ✓ *Getur* (3.et.) *maður* (3.et.kk.) *orðið ólétt* (kvk.et.) *þó ég sé ekki á egglostímabili?* Við komumst svo að þeirri niðurstöðu að hrappar geti verið fornöfn, eins og *maður* er dæmi um, en séu það alls ekki alltaf.

## 5. Aðeins um formgerð fornafnsins *maður*

Í þessari grein höfum við séð að *maður* má greina samtímis sem fornafn og hrapp. Við víkjum hér að lokum stuttlega að formgerðinni.

Greiningin á hrappinum *maður* sem við höfum sett hér fram er keimlík öðrum hröppum, eins og t.d. *pabbi*. Engu að síður er *maður* fornafn en *pabbi* nafnorð. Sú spurning vaknar óhjákvæmilega hvort það sé eitthvað í formgerðinni sem getur greint þarna á milli. Hvað er það sem gerir það að verkum að *maður* hegðar sér eins og fornafn en *pabbi* ekki? Hér kemur svo sem ýmislegt til greina. Við gætum sagt að fornöfn hafi einhvern þátt eða þætti sem nafnorð hafa ekki – við gætum sem dæmi kallað slíkan þátt einfaldlega +FORNAFN. Annar möguleiki væri að athuga hversu mikla formgerð *maður* hefur andspænis *pabbi*. Ef við vildum ekki gera ráð fyrir sérstökum fornafnsþætti mætti mögulega tala um fornöfn sem sérstaka fornafnsliði. Ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um mismunandi tegundir fornafna eftir því hversu ríkulega setningagerð þau hafa; fullgerð fornöfn eru þá stundum talin hafa ríkulegri setningagerð en önnur fornöfn – þau geta þá t.d. talist vera ákveðniliðir (e. *Determiner Phrases, DPs*) sem innihalda persónuþáttalið (e. *φP*) en ýmis önnur teljast þá kannski eingöngu vera persónuþáttaliðir (t.d. Legate 2014, Einar Freyr Sigurðsson 2017a; sbr. einnig Anton Karl Ingason, Einar Frey Sigurðsson og Þórhall Eypórsson 2016). Önnur og í sumum tilfellum fingerðari skipting en þetta finnst einnig (t.d. Cardinaletti og Starke 1999, Déchaine og Wiltschko 2002, 2012, Fenger 2018). Hugsanlega mætti þá halda því fram að mismunandi fornöfn ættu það sameiginlegt að vera sérstakir fornafnsliðir – sem stundum innihalda ákveðnilið og persónuþáttalið en stundum aðeins persónuþáttalið o.s.frv. Við skoðum þetta ekki nánar hér.

Annað úrlausnarefni lýtur að muninum á mismunandi gerðum fornafna. *Maður* í íslensku er gjarnan flokkað með óákveðnum fornöfnum en það er nokkuð sundurleitur hópur þar sem hann inniheldur m.a. magnorð (kvantara, e. *quantifiers*) sem oft eru alls ekki talin fornöfn. Á ensku er stundum talað um fornöfn á borð við *man* í þýsku og *one* í ensku sem *impersonal pronouns* andspænis *personal pronouns*. Við gætum hér þannig talað um ópersónuleg fornöfn og persónufornöfn (eða hreinlega persónuleg fornöfn).

Hoekstra (2010) fjallar um *men* í vestur-frísnesku sem er að mörgu leyti svipað *maður* í íslensku en það virðist t.a.m. alltaf þurfa að ná til mælandans. Hann greinir *men* ávallt sem ópersónulegt fornafn, jafnvel þegar það virðist eingöngu ná til mælandans. Hann spyr síðan hvað geri ópersónulegt fornafn ópersónulegt. Hann leggur til að það sé þátturinn SÉR-

TÆKI (e. *SPECIFICITY*) sem greini milli persónulegra og ópersónulegra fornafrna. Persónuleg fornöfn á borð við *ég* eru sértæk – þau vísa til tiltekinna persóna. Við höfum hér talað um *maður* í almennri merkingu og það nær ekki til tiltekinna persóna og flokkast því sem –SÉRTÆKT. Aftur á móti höfum við einnig talað um sértæka merkingu (sem er þýðing á *specific* hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni og Egerland 2009) en *maður* virðist einmitt geta flokkast sem +SÉRTÆKT (en sjá þó umræðu hjá Hoekstra 2010 um *men*). Við gætum þá hugsanlega sagt að munurinn á *maður* í almennri og sértækri merkingu felist í því hvort það sé –SÉRTÆKT eða +SÉRTÆKT.

Í þessu tilliti er svolítið spennandi að velta fyrir sér fornafrninu *þú*, sem bæði er hægt að nota sem persónufornafn og ópersónulegt fornafn.<sup>29</sup> Þennan mun mætti þá e.t.v. skýra með þessum þætti; þegar vísað er til viðmælanda eingöngu er fornafrnið +SÉRTÆKT en þegar það er notað sem ópersónulegt fornafn (eins og í (71)) er það –SÉRTÆKT.<sup>30</sup>

- (71) a. ✓ Margir halda að fötlun þýði að **þú** getir ekki gert hitt og þetta.  
 b. ✓ Tungumál eru eins og lungu og hjarta; án aðhalds og æfingar hrörna þau. Vandamálin koma aðallega upp þegar **þú** ert í kringum fólk sem talar sömu tungumál og **þú**. Þá er svo auðvelt að blanda öllu saman og nota bara „góðu“ orðin úr hverju tungumáli.  
 c. ✓ Þegar **þú** ert búinn að ljúga svona ofsalega oft og einbeitt þá auðvitað trúir **þér** enginn þegar **þú** ferð svo að segja eitthvað.  
 d. ✓ Samkvæmt könnuninni er tuttugu og þrisvar sinnum líklegra að **þú** deyrir í umferðinni ef **þú** ert að senda sms.  
 e. ✓ Ef ef **þú** ert mjög háð(ur) nikótíni geturðu notað tvö lyfjaform samtímis.

Þetta þarf að skoða betur og eins hvort greina megi *þú* í þessari merkingu sem hrapp (hér má benda á stutta umræðu um *you* og *one* hjá Collins og

<sup>29</sup> Í málfræðilegri umræðu er stundum sett út á notkun *þú* í almennri merkingu. Árni Böðvarsson (1992:155) mælir þannig frekar með notkun *maður*:

Persónufornafnið *þú* er nytsamlegt orð þar sem það á við. Í íslensku á það aðeins við þann sem talað er við, en í ensku er það líka notað um einhverja þriðju persónu, einhvern annan sem verið er að tala um. Það er óbodlegt lesendum eða hlustendum íslenskra fjölmiðla í sérenskri merkingu eins og „þú ferð með þyrlu þarna á milli“ – nema þessi „þú“ ætli í þetta ferðalag. Í slíkum samböndum getur verið gott að nota nafnorðið *maður*.

<sup>30</sup> Mörkin milli *þú* sem ópersónulegs fornafrns annars vegar og persónufornafns hins vegar eru ekki alltaf skýr, sbr. einnig Soares (2023) sem ræðir um fornafn 2. persónu ein-tölu í rómönskum núllfrumlagsmálum.

Postal 2012:223–224).<sup>31</sup> Ýmislegt annað kemur til greina, sjá t.d. mismunandi þáttasamsetningar hjá Malamud (2012) fyrir *one* og *you* í ensku og *man* og *du* í þýsku og greiningu Šereikaité og Zanuttini (2024) á *referential you* í ensku annars vegar og *impersonal you* hins vegar.

## 6. Lokaorð

Hér hefur verið rætt um fornaðnið *maður* í íslensku og ýmis þau einkenni sem gera okkur kleift að greina það sem fornafn. Við höfum tekið saman ýmislegt sem sagt hefur verið um *maður* og bent á einkenni sem ekki hafa verið til umræðu áður, að því er við best vitum.

Við skoðuðum svólítið mismunandi merkingu *maður*, bæði sértæka og almenna, og veltum fyrir okkur hvers eðlis munurinn á þessu tvennu væri. Við bentum á að hugsanlega mætti líta á *maður* í almennri og sér-tækri merkingu sem eitt og sama fyrirbærið en bentum jafnframt á að því hefur verið haldið fram að það komi fram athyglisverður munur m.t.t. langdrægrar afturbeygingar eftir því hvort merkingin er sértæk eða almenn.

Hér hefur einnig verið talað um hrappa. Þar athuguðum við hvort fornafnseinkenni *maður*, sem við skoðuðum í 2. kafla, væri einnig að finna meðal hrappa á borð við *pabbi* og *undirritaður*. Svo reyndist ekki vera og því drögum við þá ályktun að hrappar væru ekki alltaf fornafn.

Þegar hrappa ber á góma er áhersla venjulega lögð á misræmi í persónu (sbr. lýsinguna sem við fengum frá Collins og Postal 2012). Hins vegar ræddum við einnig um misræmi í kyni sem kemur stundum fram á sagnfyllingum – *maður* er að forminu til karlkyn en engu að síður sjáum við stundum dæmi eins og *Maður er ólétt*. Einnig kemur stundum fram sam-bærilegt misræmi í tölu á sagnfyllingum, sbr. dæmi eins og *✓maður er ekki byrjuð saman eftir fyrsta kossinn* sem einnig voru til umræðu í 4. kafla. Það er þannig hægt að setja hrappa í mun víðara samhengi og gera ekki einungis ráð fyrir persónuhröppum heldur líka t.d. töluhröppum (*✓Fjöldi fólks eru saman komin á Bessastöðum*, *✓Fólkinu var tilkynnt að þau væru handtekin grunuð um skjalafals*) og kynjhröppum (*✓Ráðherra var margspurð út í þessi atriði*) – og það kallar á frekari rannsóknir.<sup>32</sup>

<sup>31</sup> Slíkt er alls ekki sjálfsgagt – t.a.m. telur Malamud (2012:29–30) að *man* í þýsku sé ekki hrappur, jafnvel þegar það vísar til mælandans.

<sup>32</sup> Um margs konar misræmi af þessu tagi má t.d. lesa hjá Önnu Helgadóttur (2011), Guðbjörgu Elinu Ragnarsdóttur (2011), Guðrínu Þórhallsdóttur (2015), Höskuldi Þráins-syni, Einari Frey Sigurðssyni og Jóhannesi Gísla Jónssyni (2015), Einari Frey Sigurðssyni (2017a), Þorbjörgu Þorvaldsdóttur (2017, 2019) og Xu (2020).

## HEIMILDASKRÁ

- Aðalsteinn Eyþórsson. 1986. *Um óákveðin fornöfn*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Anna Helgadóttir. 2011. *Notkun málfraðilegra kynja í máli ungs fólks. Rannsókn á kynjanotkun í íslensku máli*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <<https://hdl.handle.net/1946/8458>>.
- Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Þórhallur Eyþórsson. 2016. Veik fornöfn í afturbeygðri þolmynd. *Íslenskt mál og almenn málfraði* 38:51–81.
- Árni Böðvarsson. 1992. *Íslenskt málfar*. Almenna bókafélagið hf., Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. 1937. *Íslensk málfraði handa skólum og útvarpi*. Ríkisútvarpið, Reykjavík.
- Brown, Roger, og Ursula Bellugi. 1964. Three processes in the child's acquisition of syntax. *Harvard Educational Review* 34:133–151.
- Cardinaletti, Anna, og Michal Starke. 1999. The typology of structural deficiency. Henk van Riemsdijk (ritstj.): *Clitics in the Languages of Europe*, bls. 145–233. Mouton de Gruyter, Berlin.
- Chomsky, Noam. 1981. *Lectures on Government and Binding*. Foris, Dordrecht.
- Cinque, Guglielmo. 1988. On *si* constructions and the theory of *arb*. *Linguistic Inquiry* 19(4):521–581.
- Collins, Chris, og Paul M. Postal. 2012. *Imposters: A Study of Pronominal Agreement*. MIT Press, Cambridge, MA.
- Déchaine, Rose-Marie, og Martina Wiltschko. 2002. Decomposing pronouns. *Linguistic Inquiry* 33(3):409–442. <<https://doi.org/10.1162/002438902760168554>>.
- Déchaine, Rose-Marie, og Martina Wiltschko. 2012. The heterogeneity of reflexives. Handrit. <<http://ling.auf.net/lingbuzz/001665>>.
- Egerland, Werner. 2003. Impersonal pronouns in Scandinavian and Romance. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 71:75–102.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2012. *Germýnd en samt þolmynd: Um nýju þolmyndina í íslensku*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <<http://hdl.handle.net/1946/12876>>.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2017a. *Deriving case, agreement and Voice phenomena in syntax*. Doktorsritgerð, University of Pennsylvania. <<http://ling.auf.net/lingbuzz/003631>>.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2017b. Eignarfall og eignarliðir. Höskuldur Thráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.): *Tilbrigði í íslenskri setningagerð III. Sérathuganir*, bls. 61–99. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2022a. Kynjuð og kynhlutlaus íslenska. *Málfregnir* 30:3–4.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2022b. Merking orðsins *maður*. *Alls konar íslenska. Hundrað þættir um íslenskt mál á 21. öld*, bls. 86–88. Mál og menning, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2022c. *Maður, manneskja, man eða menni? Alls konar íslenska. Hundrað þættir um íslenskt mál á 21. öld*, bls. 89–92. Mál og menning, Reykjavík.
- Fenger, Paula. 2018. How impersonal does *one* get? A study of *man*-pronouns in Germanic. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 21:291–325. <<https://doi.org/10.1007/s10828-018-9101-0>>.
- Guðbjörg Elin Ragnarsdóttir. 2011. *Samræmi og samræmisleysi. Lifandi tilbrigði í íslensku máli*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <<https://hdl.handle.net/1946/9934>>.

- Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir. 2014. *Leikmennirnir eru allar góðar í handbolta. Rannsókn á kynjanotkun í máli karlþjálfara íþróttaliða kvenna*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <<http://hdl.handle.net/1946/17661>>.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2015. Gender agreement in 19<sup>th</sup>- and 20<sup>th</sup>-century Icelandic. Jürg Fleischer, Elisabeth Rieken og Paul Widmer (ritstj.): *Agreement from a Diachronic Perspective*, bls. 267–286. Mouton de Gruyter, Berlín.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2015. Notkun málfræðilegra kynja í íslensku og færeysku. Turið Sigurðardóttir og María Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur 8*, bls. 159–181. Fróðskapur, Þórshöfn.
- Gunnhildur Ottósdóttir. 2006. „Ólafsfjarðareignarfallið“. *Eignarsambönd í íslensku með áherslu á eitt lítið mállýskuafrígríði*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2004a. Meaningful silence, meaningless sounds. Pierre Pica, Johan Rooryck og Jeroen van Craenenbroeck (ritstj.): *Linguistic Variation Yearbook 2004*, bls. 235–259. John Benjamins, Philadelphia. <<https://doi.org/10.1075/livy.4.07sig>>.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2004b. The syntax of Person, Tense, and speech features. *Italian Journal of Linguistics / Rivista di Linguistica* 16:219–251.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2010. On EPP effects. *Studia Linguistica* 64(2):159–189. <<https://doi.org/10.1111/j.1467-9582.2010.01171.x>>.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2011. Conditions on argument drop. *Linguistic Inquiry* 42(2): 267–304. <[https://doi.org/10.1162/LING\\_a\\_00042](https://doi.org/10.1162/LING_a_00042)>.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2014. Context-linked grammar. *Language Sciences* 46:175–188. <<https://doi.org/10.1016/j.langsci.2014.06.010>>.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2017. Who are we – and who is I? About Person and SELF. Michelle Sheehan og Laura R. Bailey (ritstj.): *Order and structure in syntax II: Subjecthood and argument structure*, bls. 197–219. Language Science Press, Berlín. <<https://doi.org/10.5281/zenodo.1116767>>.
- Halldór Ármann Sigurðsson og Verner Egerland. 2009. Impersonal null-subjects in Icelandic and elsewhere. *Studia Linguistica* 63(1):158–185. <<https://doi.org/10.1111/j.1467-9582.2008.01157.x>>.
- Heimir van der Feest Viðarsson. 2017. Málnotkun sem mælikvarði á áhrif málstöðlunar: Skólaritgerðir úr Lærða skólanum í Reykjavík (1846–1904). *Orð og tunga* 19:129–153. <<https://doi.org/10.33112/ordogtungu.19.5>>.
- Heimir Freyr van der Feest Viðarsson. 2019. *Socio-Syntactic Variation and Change in Nineteenth-Century Icelandic. The Emergence and Implementation of a National Standard Language*. Doktorsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Helgi Skúli Kjartansson. 2017. Jafnvel í forn máli? Um orðið „maður“ og fornafnseinkenni þess. Erindi flutt í Málvísindakaffi, Háskóla Íslands, 3. mars 2017.
- Hoekstra, Jarich. 2010. On the impersonal pronoun *men* in Modern West Frisian. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 13:31–59. <<https://doi.org/10.1007/s10828-010-9036-6>>.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sven Strömquist. 2005. The development of generic *maður/man* for the construction of discourse stance in Icelandic and Swedish. *Journal of Pragmatics* 37:143–155. <<https://doi.org/10.1016/j.pragma.2004.08.007>>.

- Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson og Eiríkur Rögnvaldsson. 2015. Eignarsambönd. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.): *Tilbrigði í íslenski setningagerð II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*, bls. 233–274. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson og Jóhannes Gísli Jónsson. 2015. Samræmi. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.): *Tilbrigði í íslenski setningagerð II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*, bls. 203–232. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Íslensk orðabók handa skólum og almennungi. 1963. Árni Böðvarsson (ritstj.). Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverslun Ársæls Árnasonar, Reykjavík. [Endurprentað hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1987.]
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1992. The pronoun *maður* in Icelandic. Handrit, University of Massachusetts, Amherst.
- Katrín Axelsdóttir. 2011. Fornöfn. Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.): *Handbók um íslensku*, bls. 42–70. JPV, Reykjavík.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
- Legate, Julie Anne. 2014. *Voice and v: Lessons from Acehnese*. MIT Press, Cambridge, MA.
- Malamud, Sophia A. 2012. Impersonal indexicals: *one, you, man, and du*. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 15:1–48. <<https://doi.org/10.1007/s10828-012-9047-6>>.
- Moltmann, Friederike. 2006. Generic *one*, arbitrary PRO, and the first person. *Natural Language Semantics* 14:257–281. <<https://doi.org/10.1007/s11050-006-9002-7>>.
- Moltmann, Friederike. 2010. Generalizing detached self-reference and the semantics of generic *one*. *Mind & Language* 25:440–473. <<https://doi.org/10.1111/j.1468-0017.2010.01397.x>>.
- Ragnhildur Ósk Sævarsdóttir. 2021. *Tímarnir breytast og málbeiting með: Hvernig birtist kynhlutlaus mál í íslensku? BA-ritgerð*, Háskóla Íslands, Reykjavík. <<http://hdl.handle.net/1946/39898>>.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 1992. *Binding in Icelandic: Evidence from language acquisition*. Doktorsritgerð, University of California, Los Angeles.
- Soares, Catarina Loureiro. 2023. Null subjects and impersonal pronouns. Handrit, Yale University.
- Starkaður Barkarson, Steinþór Steingrímsson og Hildur Hafsteinsdóttir. 2022. Evolving large text corpora: Four versions of the Icelandic Gigaword corpus. Nicoletta Calzolari, Frédéric Béchet, Philippe Blache, Khalid Choukri, Christopher Cieri, Thierry Declerck, Sara Goggi, Hitoshi Isahara, Bente Maegaard, Joseph Mariani, Héléne Mazo, Jan Odijk og Stelios Piperidis (ritstj.): *Proceedings of the Thirteenth Language Resources and Evaluation Conference*, bls. 2371–2381. European Language Resources Association, Marseille. <<https://aclanthology.org/2022.lrec-1.254>>.
- Starkaður Barkarson, Steinþór Steingrímsson, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Hildur Hafsteinsdóttir, Finnur Ágúst Ingimundarson og Árni Davíð Magnússon. 2022. Icelandic Gigaword Corpus (IGC-2022) - annotated version. CLARIN-IS. <<http://hdl.handle.net/20.500.12537/254>>.
- Šereikaitė, Milena, og Raffaella Zanuttini. 2024. Referential *you* vs. impersonal *you*. Handrit.

- Wood, Jim, og Einar Freyr Sigurðsson. 2014. Icelandic verbal agreement and pronoun-antecedent relations. Chris Collins (ritstj.): *Cross-Linguistic Studies of Imposters and Pronominal Agreement*, bls. 196–237. Oxford University Press, Oxford. <<https://doi.org/10.1093/acprof:oso/9780199336852.003.0009>>.
- Xu, Xindan. 2020. *Tilbrigði í tölusamræmi sagna og tölublendinga í íslensku*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <<https://hdl.handle.net/1946/34820>>.
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. 2017. *Individuation and agreement: Grammatical gender resolution in Icelandic*. Meistararitgerð, Universiteit Leiden.
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. 2019. Agreement with conjoined singular noun phrases in Icelandic. *Glossa: a journal of general linguistics* 4(1):53. <<https://doi.org/10.5334/gjgl.696>>.
- Þórhallur Eypórssón. 2008. Stöðugleiki og breytingar í fallakerfi norrænu eyjamálanna. Turið Sigurðardóttir og Magnús Snædal (ritstj.): *Frændafundur 6*, bls. 75–93. Fróðskapur, Þórshöfn.

**Lykilord:** ópersónuleg fornöfn, óákveðin fornöfn, hrappar, misræmi, samhengistenglar

**Keywords:** impersonal pronouns, imposters, agreement mismatch, context linkers

#### S U M M A R Y

##### *‘Maður ‘man/one’, pronouns and imposters’*

In this article, we discuss ‘pronominal’ uses of *maður* in Icelandic, including impersonal uses (where it refers to people in general), and specific ‘personal’ uses (where it can refer specifically to the speaker). We compare these uses to ‘imposters’, in the sense of Collins and Postal (2012). Imposters are cases where, descriptively, there is a mismatch between the form and interpretation of a noun phrase. Examples of imposters in Icelandic are given in (i).

- (i)a. Svona svona, elskan, **pabbi** er hér.  
 there there love Daddy is here  
 ‘There there, sweetheart, Daddy (=speaker) is here.’
- b. Hvað segir **kallinn**?  
 what says guy.the  
 ‘How are you?’ (Lit. ‘What does the guy say?’)

In (i-a), *pabbi* ‘Daddy’ is formally 3rd person but interpreted as 1st person. In (i-b), *kallinn* ‘the guy’ is formally 3rd person but interpreted as grammatically 2nd person.

We make a number of observations, many of them novel, to show that pronominal *maður* has a number of interesting properties that distinguishes it from both canonical pronouns and imposters. We then discuss ‘pronominal imposters’ such as ‘nurse *we*’, where a nurse says ‘How are we feeling today?’ and ‘we’ refers to the addressee. We draw connections to the use of 3rd person reflexives in child-directed (and even pet-directed) speech.



(ii) Addressed to a toddler

a. Meiddi sig?

hurt.3SG.PST REFL.3SG

‘Did you hurt yourself?’ (lit. ‘hurt oneself?’)

b. Ert þú að hjálpa mömmu sinni?

are.2SG you to help Mommy REFL.POSS.3SG

‘Are you helping your Mommy?’ (lit. ‘Are you helping his/her/their/one’s Mommy?’)

We propose an analysis of pronominal *maður* which treats it similarly to pronominal impersonals, by building on the notion of silent ‘context linkers’ developed by Halldór Ármann Sigurðsson.

*Einar Freyr Sigurðsson*

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*

*Eddu, Arngrímögötu 5, 107 Reykjavík*

*einur.freyr.sigurdsson@arnastofnun.is*

*Jim Wood*

*Yale University Department of Linguistics*

*370 Temple St.*

*New Haven, CT 06511*

*jim.wood@yale.edu*